



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Prjón á Íslandi**

*„ ... las við rokk og prjóna.“*

(Herdís Andrésdóttir, 1982)

**Ritgerð til B.A.prófs**

**Kristín Axelsdóttir**

**Apríl 2011**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Fornleifafræði**

# **Prjón á Íslandi**

*„ ... las við rokk og prjóna.“*  
(Herdís Andrésdóttir, 1982)

**Ritgerð til B.A.prófs**

**Kristín Axelsdóttir**

**Kt.: 250258-4299**

**Leiðbeinandi: Steinunn J. Kristjánsdóttir**

**Apríl 2011**

## Ágrip

Í þessari ritgerð verður leitast við að skoða sögu þrjóns á Íslandi, sem og annars staðar í heiminum. Farið er yfir hvernig ullarvinnslu var háttað á Íslandi, hvernig ullin var nýtt til að búa til flíkur áður en þrjónakunnátta varð almenn. Í því samhengi eru skoðaðar nokkrar aðferðir sem hafa verið notaðar á undan og samhliða þrjóni. Meðal þeirra er vefnaður sem hefur verið þekkt aðferð um allan heim í mjög langan tíma. Hugað verður lítillega að sögu þrjónakunnátta frá upphafi. Svo er skoðað hvenær þessi kunnátta barst til Íslands og hvaða áhrif hún hafði á vinnslu á ull og framleiðslu á fatnaði hér á landi. Athugað er hvort þessi nýjung sem hefur jafnvel verið kölluð „*bylting*“ hafi í rauninni haft áhrif sem snertu alla landsmenn. Var það er ljósi á þær breytingar sem urðu á útflutningi landsmanna eftir að þeir lærðu að þrjóna og hugleitt hvort þessar breytingar hafi skipt máli í sambandi við skiptingu starfa milli fólks á Íslandi. Tekin eru dæmi um það sem hefur varðveist af gripum tengdum þrjóni hér á landi. Bornar eru saman þær þrjónaaðferðir sem notaðar voru fyrr og nú til að skoða hvort þrjónakunnáttan sé eitt af því sem lítið hefur breyst gegnum tíðina. Að lokum er velt upp þeirri hugmynd að þrjón sé eitt af því fáa sem hefur haldist óbreytt frá upphafi. Að nútímamaðurinn finni tengingu við fortíðina með því að þrjóna. Hvort þarna sé hugsanlega að leita skýringar á endurnýjuðum áhuga á þrjónaskap hér á landi.

## **Formáli**

Upphaf ritgerðarinnar má rekja til vettvangsnámskeiðs sem höfundur sótti sumarið 2009 að Hólum í Hjaltadal. Þar gafst m.a. tækifæri til að taka þátt í vinnu við að hreinsa og ganga frá hluta af því sem þar hafði fundist af ofnum og prjónuðum gripum. Það vakti upp þá hugsun hvort það hefði orðið lítil breyting á því hvernig prjónað var áður fyrr og því hvernig prjónað er í dag. Þar var hægt að sjá úrtökur og hæla sem voru alveg sambærilegir við það sem enn er gert í dag. Þar sem höfundur hefur prjónað mikið frá því í barnaskóla vaknaði sú hugmynd að áhugavert væri að skoða sögu prjóns á Íslandi. Það hafði fyrr í náminu komið á óvart að heyra að ekki hafi verið prjónað hér á landi nema í nokkur hundruð ár.

Höfundur vill þakka öllum þeim sem sýnt hafa þessari vinnu áhuga, hafa verið tilbúnir að hlusta á frásögur og koma með ábendingar og spurningar. Einnig þakkar höfundur leiðbeinanda fyrir hjálpina og þakkar innilega fjölskyldu og vinum sem hjálpuðu með yfirlestur og stuðning í ritgerðarskrifunum.

Reykjavík, apríl 2011

## Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Formáli.....	4
1 Inngangur.....	7
1.1 Markmið.....	8
1.2 Aðferð og afmarkanir.....	8
1.3 Takmarkanir.....	8
2 Að koma ull í fat.....	10
2.1 Ullarvinna.....	10
2.2 Mismunandi aðferðir.....	11
2.2.1 Vefnaður.....	12
2.2.2 Netting.....	13
2.2.3 Warp.....	13
2.2.4 Vattarsaumur eða nálbragð.....	14
2.2.5 Sprang.....	15
2.2.6 Brugðið sprang.....	15
2.2.7 Hekl.....	16
2.2.8 Spjaldvefnaður.....	16
2.2.9 Samantekt.....	17
3 Saga prjóns.....	18
3.1 Upphaf prjóns.....	18
3.2 Saga prjóns á Íslandi.....	23
3.2.1 Gripir.....	23
3.2.2 Aðrar heimildir.....	27

3.2.3	Tæknibylting.....	29
3.2.4	Útflutningur .....	32
3.2.5	Arfleifð.....	35
4	Umfjöllun .....	38
4.1	Urðu breytingar á hvaða flíkur voru búnar til ? .....	38
4.2	Hafði þrjón áhrif á hverjir tóku þátt í að framleiða flíkur ? .....	39
4.3	Eru sömu aðferðir notaðar við þrjónaskap í dag og í upphafi ?.....	40
5	Niðurstöður.....	42
6	Heimildaskrá.....	43
7	Myndayfirlit.....	49
7.1	Uppruni mynda .....	50

# 1 Inngangur

Það vekur athygli að þegar kreppir að í íslensku þjóðfélagi þá er það að þrjóna eitt af því sem við snúum okkur að. Getum við ekki litið á það sem táknrænt þegar *BBC* kemur með sem fyrirsögn: „*Ísland þrjónar sig út úr kreppunni*“ (Sigrún Davíðsdóttir, 2009) eða þegar segir í Morgunblaðinu: „*Íslenska þrjónakonan er vögnuð til lífsins á ný*“ (Sigrún Erna Geirsdóttir, 2009: 11)? Eitt af því sem mikið er þrjónað í dag eru lopapeysur. Þótt hefðin að þrjóna lopapeysur sé ekki gömul í árum þá á hún rætur í gömlum hefðum sem lifað hafa með þjóðinni. Það er spurning hvort nútíma fólki finnist það komast í meiri nánd við ullarvinnu fortíðarinnar með því að þrjóna úr íslenskum lopa frekar en þegar þrjónað er úr ullargarni, þótt það hefði líklega ekki þótt gott hér áður fyrr að sleppa því að spinna ullina.

Þar sem þrjón er þekkt um allan heim, ekki bara hér á landi, vekur það upp þá spurningu hvort það sé íslenska ullin sem er þetta sér íslenska sem við erum að leita í frekar en sú athöfn að þrjóna úr henni. Eða hvort það sé sú vitneskja að þegar við þrjónum þá erum við að nota sömu aðferðir og samskonar efnivið og tíðkast hefur um aldir hér á landi. Í þessu samhengi verður leitað svara við spurningum um hvaða áhrif þrjónakunnáttan hafi haft á það mikilvæga verk að vinna ull í flíkur. Það er ljóst að þessi nýja aðferð kom sem viðbót við vefnað og jók þannig notagildi ullarinnar. Áhugavert er að velta fyrir sér hvort þessi kunnátta hafi haft áhrif á það hvaða flíkur voru búnar til. Skoða þau áhrif sem þessi tækni hafði á það hverjir tóku þátt í að búa til flíkur og að lokum athuga hvort sömu þrjónaaðferðir hafi verið notaðar í upphafi og eru notaðar enn í dag. Velt er upp þeirri spurningu hvort það geti verið að þessi kunnátta sé hugsanlega eitt af því fáa sem hefur haldist óbreytt gegnum tíðina. Hvort þar sé hugsanlega að finna skýringu á því hvers vegna áhugi á því að þrjóna hefur aukist þegar þjóðin finnur þörf fyrir að standa saman.

## 1.1 Markmið

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða hvenær fyrst var farið að stunda þrjónaskap bæði á Íslandi og annars staðar í heiminum og hugleiða hvaðan sú kunnátta hafi borist hingað til lands miðað við dreifingu þrjónakunnáttu um heiminn. Einnig að skoða hvaða áhrif þessi þekking hafði á vinnslu ullar hér á landi.

## 1.2 Aðferð og afmarkanir

Þegar skoðað er hvað hefur varðveist frá fyrri tíð af þrjónum og þrjónuðu efni kemur í ljós að hvorugt varðveitist vel í jörðu. Hefur því þurft að byggja upplýsingar um upphaf þrjóns bæði hér á landi og annars staðar að miklu leyti á annars konar heimildum. Þegar að er gáð eru til margvíslegar heimildir sem gefa upplýsingar um þau áhrif sem þessi kunnátta hafði. Meðal þessara heimilda eru frásögur, bréf, ferðalýsingar, orðatiltæki, leikrit og ljóð að ótöldum málverkum og teikningum þar sem fólk sést þrjóna eða er klætt þrjónuðum flíkum. Leitað var upplýsinga í bókum hér á landi og í Skotlandi ásamt því að nota veraldarvefinn. Heimildir um myndir í ritgerðinni er að finna í kafla 7.1.

Upplýsingar um þá gripi sem fundist hafa hér á landi byggja á því að skoða það sem skráð er hjá Þjóðminjasafninu í gagnagrunninn Sarp. Einnig var skoðað það sem er til sýnis á safninu til viðbótar við þær myndir sem til eru af elstu þrjónuðu flíkum hér á landi. Allar þessar heimildir, ritaðar og fornleifafræðilegar, verða notaðar til að leita svara við spurningum í sambandi við aðferðir við þrjónaskap frá upphafi fram á daginn í dag. Sú greining verður gerð með því að skoða þau dæmi sem til eru með það í huga að finna samsvörun við það sem þrjónað er í dag. Byggir sú athugun á samanburði og reynslu höfundar af þrjónaskap. Ritgerðin byggir þannig á rituðum og fornleifafræðilegum heimildum auk eigin reynslu höfundar.

## 1.3 Takmarkanir

Það er algengt að tól til ullarvinnslu, helst kljásteynar og snældusnúðar, finnist við uppgröft hér á landi. Þessi verkfæri voru úr varanlegu efni, oft úr steini, og gefa mikilvægar upplýsingar um ullarvinnslu fyrri tíma. Það sama á ekki við þegar leitað er heimilda um þrjón. Lítið hefur varðveist af þrjónuðum flíkum og þrjónum hér á landi. Skýringa er líklega að leita í því að þrjónaðar flíkur, eins og annað sem unnið



var úr ull, varðveitast illa nema við sérstakar aðstæður. Önnur skýring getur verið að slitnar ullarflíkur hafi verið notaðar í bætur, þannig að flíkur voru notaðar „... *upp til agna*.“ (Fríður Ólafsdóttir, 1994: 10). Varðveisla á prjónum fer eftir því úr hverju þeir voru gerðir. Prjónar voru búnir til úr margskonar efni: málmí, fílabeini, bambus, beini, fjöðrum, ýmsum tegundum af við og stundum úr hvalbeini (Robinson, 1987: 129; McGregor, 1983: 7). Málmur var algengasta efnið en þykkari prjóna þurfti að búa til úr léttara efni. Þessir þykkari prjónar voru því oftast gerðir úr við (Rutt, 1987: 16). Allt eru þetta efni sem þurfa sérstakar aðstæður til að varðveitast. Vel er hægt að hugsa sér að málmprjónar hafi verið endurunnir, brotnir tréprjónar settir á eldinn og ónýtir prjónar úr öðru efni hugsanlega notaðir í annað. Þær ályktanir sem hér verða dregnar verða því að byggja á þeim fáu gripum sem hafa varðveist.

## 2 Að koma ull í fat<sup>1</sup>

Frá upphafi landnáms á Íslandi hefur ullarvinnsla verið hluti af þeirri lífsbaráttu sem fólk þurfti að heyja. Hluti af elstu fornminjum tengjast ullarvinnslu en það eru snældur sem voru notaðar við spuna og steinar fyrir kljásteinavefstað. Þeir sem hófu byggð hér á landi tóku með sér sauðfé og geitur. Þeir nýttu sér skinn og kjöt af þessum skepnum en einnig var mjólk og ull nýtt á margvíslegan hátt (Stefán Aðalsteinsson, 1981: 10). Fólk þurfti flíkur til að halda á sér hita og þá var ullin dýrmæt auðlind. Landnámsmenn fluttu með sér þá mikilvægu kunnáttu sem var nauðsynleg til að geta breytt ullarreyfum í band (Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 196). Gegnum tíðina þróuðust svo mismunandi aðferðir sem notaðar voru til að búa til flíkur úr ullinni. En sú undirbúningsvinna sem þurfti að vinna til að búa til band var sambærileg fyrir allar þessar aðferðir.

### 2.1 Ullarvinna

Ullarvinnan var áður fyrr hluti af daglegu lífi fólks allt árið um kring. Ullinni var safnað á sumrin, hún hreinsuð og unnin og svo var spunnið úr henni band. Þessi vinna, að koma ull í band, má segja að lúti sömu lögmálum enn í dag þótt nú fari þessi vinna nær eingöngu fram í vélum. Til þess að hægt sé að búa til band þurfa hárin að liggja samsíða svo hægt sé að snúa þau saman í samhangandi þráð eða spunnið band. Það er samloðun ullarinnar sem auðveldar það að láta hárin hanga saman þegar spunnið er (Þórður Tómasson, 1967: 13). Ég hef heyrt vana spunakonu halda því fram að það þurfi varla meira en þrjú hár til að úr verði band (Marianne Gluckelsberger, munnleg heimild á tóvinnunámskeiði október 2009).

Algengt var að unnið væri við tóvinnu frá því strax eftir sláturtíð (Fríður Ólafsdóttir, 1999: 19). Svo á vetrarmánuðum, þegar innivera var meiri, þá var unnið úr bandinu (Anna Sigurðardóttir, 1985: 294, Hrefna Róbertsdóttir, 2001: 58). Þessi verk voru samofin hversdagslífi fólks. Svo mikilvæg þótti ullarvinnan að í Búalögum er tekið fram í lýsingu á dagsverki kvenna að hún: „... hafi ljós þá hún vill“ (Búalög, 1966, 22. Kapítuli: 43). Til viðbótar við önnur störf var venja að vinnuhjú sáu sjálf um að vinna sín föt (Fríður Ólafsdóttir, 1999: 19). Tíminn frá jóladag fram að þrettánda var tími sem vinnufólk átti til að vinna fyrir sig sjálf. Má reikna með að sá

---

<sup>1</sup>Vinnuferli við að búa til flíkur úr ull (finnst í *Orðasambandaskrá*).

tími hafi farið í sambærileg störf og fólk vann aðra vetrarmánuði, að spinna, vefa og prjóna, þótt sá munur væri auðvitað á að fólk var að vinna fyrir sig (Í Eyjafirði fyrir 50-60 árum, 1935: 82). En allt voru þetta handtök sem skiluðu afurð sem fólk hafði not fyrir og þetta var hlý vinna og notalegt að handleika ullina (Halldóra Bjarnadóttir, 1966: 31). Þessi vísa kemur inn á þessi daglegu störf sem vinna þurfti (Herdís Andrésdóttir, 1982: 304):

*Ullina hef ég tíðum tætt,  
úr togi glófa unnið,  
svo hef ég líka sokka bætt,  
saumað, prjónað, spunnið.*

## 2.2 Mismunandi aðferðir

Til að hægt væri að nota ull í flíkur þurfti að nota aðferðir sem mynduðu efni úr því bandi sem spunnið hafði verið. Handbragðið við að vinna ullina var þekkt og íslenska ullin hentaði vel hér á landi. Ullin var við höndina og landsmenn höfðu þekkingu til að vinna hana (Halldóra Bjarnadóttir, 1940: 42). Það að taka ofan af, kemma, spinna og að lokum vinna úr bandinu var kunnátta sem barst milli kynslóða þannig að þeir yngri lærðu af þeim eldri (Jóhanna Kristjánsdóttir, 1978: 11-12; Helgi Þorláksson, 1991: 267).

Flest af fornum flíkum og efnisbútum sem hafa varðveist er vefnaður. Einstaka sinnum hafa fundist bútar eða heillegar flíkur sem hafa verið búnar til með öðrum aðferðum. Það er sammerkt með mörgum af þessum dæmum að stundum getur verið erfitt að átta sig á hvaða aðferð var notuð. Sumt af því sem talið var að væri ofið eða prjónað hefur, þegar nánar var að gáð, verið unnið með annarri aðferð. Það má líklega líta svo á að sumar þessara aðferða hafi að einhverju leyti brúað bilið milli vefnaðar og prjónaskapar. Hér eru nefnd dæmi um aðferðir sem voru þekktar og notaðar, sumar áður en prjónakunnátta kom til en einhverjar af þessum aðferðum voru notaðar samhliða prjónaskap og eru sumar notaðar enn í dag. Dæmi um það er hekl (Rutt, 1987; Kiewe, 1971). En aðrar aðferðir þekkjast varla lengur.

### 2.2.1 Vefnaður

Algengasta og elsta aðferðin virðist hafa verið vefnaður. Sú aðferð var þekkt um allan heim, sérstaklega þar sem fólk hélt dýr sem gáfu af sér ull. Talið er mögulegt að vefnaður hafa byrjað með því að plöntur og löng hár af dýrum hafi verið fléttað í mottur eða körfur (Clark og Piggott, 1965: 159). Seinna tók svo við vefnaður þar sem notaður var uppréttur vefstaður. Meðal elstu heimilda um þannig vefnað er að finna í fornum myndskreytingum, þannig skreytingar voru t.d. algengar í Egyptalandi (Hoffmann, 1964: 307). Í nokkur hundruð ár voru allar flíkur – jafnt yfirhafnir sem og vettlingar, sokkar, ábreiður, tjöld, segl, líkklæði og ýmislegt annað gert úr ofnu efni. Til viðbótar var unnið úr ullinni ýmislegt annað gagnlegt: síur, ostapokar, kveikur í eldstæði, saumaþráður og ýmislegt annað (Þórður Tómasson, 1967: 12). Allt efni var ofið í kljásteinavefstaðnum. Hann var hægt að smíða úr efnivið sem auðvelt var að finna og endurnýja. Oft fór vinnan fram við lélegar aðstæður, litla birtu, þrengsli og kulda. Afraksturinn var ofið klæði sem svo þurfti að sníða til í flíkur. Allt sem fólk klæddist, yst sem innst, var saumað úr þessu klæði (Þorkell Jóhannesson, 1943: 137).



Mynd 1 Vettlingar úr ofnu efni


Dæmi um að ofið efni var notað í allar flíkur eru vettlingar sem varðveist hafa frá 10. öld og fundust á Heynesi (mynd 1). Þeir voru saumaðir úr ofnu klæði (Elsa E. Guðjónsson, 1994b: 207, Sarpur, Þjms. 1960:77). Það varð ekki breyting á ullarvinnu og vefstólum fyrr en með tilkomu *Innréttinganna*<sup>2</sup> á 18.öld þegar tilraun var gerð til að gera alla tóvinnu arðbærari (Hrefna Róbertsdóttir, 1996: 29-33; Lýður Björnsson, 1974: 119).

Þótt ekki komi mikið fram um ullarvinnu, eða vinnu kvenna almennt, í Íslendingasögunum þá er hægt að finna tilvísanir í ullarvinnslu í nokkrum tilfellum. Dæmi um það má nefna að í Eddukvæðum segir: „ ... *drósir suðrænar, dýrt lín spunnu.*“ og skrifað að „ ... *konur lúka vef.*“ í Króka-refs sögu (Völundarkviða, 1996; Kjalnesinga saga, 2007: 155). Að ógleymdri frásögn úr *Njálu* um konur að vefa: „ ... *at þar váru konur inni ok höfðu vef upp færðan*“ (Brennu-Njáls saga, 1971: 454). Það

<sup>2</sup> Framtak Skúla Magnússonar til að koma á verksmiðjuframleiðslu á Íslandi á 18.öld (Magnús Guðmundsson, 1988: 19).

má líka reikna með að helskór sem Gísli batt Vésteini hafi verið úr ofnu ullarefni (Gísla saga Súrsonar, 1971: 45).


### 2.2.2 Netting



Mynd 2 Dæmi um netting og verkfæri

Netting er aðferð sem virðist ekki hafa þekkt íslenskt nafn. Þetta er aðferð þar sem bönd eru bundin saman, með hnútum, í kross með mis stórum götum á milli. Gert með nál með tveim götum og einhverskonar prjón (mynd 2). Unnið svipað því og þegar net eru búin til (KnitHeaven). Bæði nafnið og aðferðin minna á netagerð. Má segja að hún sé í rauninni ekki ósvipuð vefnaði nema það að böndin eru bundin saman sem verður til þess að efnið raknar ekki upp. Stærð á götum milli hnúta getur verið misjöfn, allt eftir því í hvað efnið á að notast. Það er mögulegt að búa til mjög misþétt efni með þessari aðferð. Þétt bundið efni gæti hugsanlega verið mistekið fyrir ofið efni (Rutt, 1987: 8). Ekki hefur verið skráð að efni unnið með þessari aðferð hafi fundist hér á landi þótt þessi aðferð geti hugsanlega minnt á skinnsaum sem dæmi eru til um hér á Íslandi (Elsa E. Guðjónsson, 2004b: 284).

### 2.2.3 Warp



Mynd 3 Lykkjur í warp aðferðinni

Þessi aðferð hefur heldur ekki þekkt íslenskt heiti. Warp má þýða sem vindingur og það má segja að lykkjur í þessari aðferð vindist saman. Aðferðin kallar á að fjöldi banda sé jafn fjölda þeirra lykkja sem á að nota. Böndin fara sik-sak eftir lengd efnis, ekki eftir breidd efnis eins og þegar prjónað er (mynd 3). Böndin krækjast saman og tengjast með lykkjum. Efni af þessari gerð raknar ekki upp eins og prjón. Ef lykkjur eru búnar til þannig að band fari eftir breiddinni þá er talað um *weft* en orðin warp og weft (ívaf) eru notuð í ensku um vefnað (Inga Lára Lárusdóttir, 1943: 163). Þessi heiti geta bent til að þessar aðferðir séu tengdar vefnaði frekar en prjóni. Þær henta vel í vinnslu með vélum og er notuð þannig í dag (Rutt, 1987: 10). Það eru ekki til þekkt

dæmi um að þær hafi verið notaðar hér á landi áður en farið var að prjóna með prjónavélum.

#### 2.2.4 Vattarsaumur eða nálbragð



Mynd 4 Vattarsaumur og nál


Vattarsaumur er aðferð sem var þekkt um aldir og var notuð á Íslandi áður en fólk fór að prjóna (Magnús Guðmundsson, 1988: 87). Þessi aðferð var mest notuð til að gera smærri hluti (Elsa E. Guðjónsson, 1985b: 140). Við hana er notuð ein nál með gati, oft úr tré eða beini (mynd 4). Band var dregið gegnum nálaraugað og búnaar til lykkjur sem nálin dregur svo bandið í gegnum – gert koll af kolli þangað til úr verður samfelld efni (Rutt, 1987: 8). Hægt er að móta það sem búa á til eftir því sem hentar. Flíkin getur þannig passað mun betur en ef hún væri gerð úr ofnu efni. Með þessari aðferð er hægt að nota band af mismunandi lengd og ekki þörf á að vinna með samhangandi band eins og þegar prjónað er. Kostur við þessa aðferð er að ekki raknar upp það sem gert er með vattarsaumi.

Eitt þekktasta dæmið hér á landi er vöttur sem fannst á Arnheiðarstöðum á Fljótshéraði og er talinn vera frá 10. öld (Kristján Eldjárn, 1994: 27). Það er vettlingur sem er nánast heill og er greinilega gerður með þessari aðferð (mynd 5). Það þótti svo merkur fundur að aðferðin sjálf tekur nafn sitt af þessum grip (sbr. vöttur = vattarsaumur). Þessi aðferð til að búa til flíkur er seinlegri en prjónaaðferðin og hentar best til að búa til smærri hluti. Það er talið að hún hafi fallið í gleysku eftir að fólk fór að prjóna þar sem fljótlegra og þægilegra þótti að prjóna (Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 198). Það bendir á mikilvægi þessarar aðferðar að í Finnlandi er til málsháttur sem þýða má þannig: „*Sá sem notar prjónaða vettlinga er giftur ófaglegri konu.*“ (McGregor, 1983: 9). Ekki kemur reyndar fram hvort það var vattarsaumur sem þótti faglegri en það gæti vel verið. Undanfarin ár hefur þessi aðferð verið endurvakin með námskeiðum sem Heimilisiðnaðarskólinn hefur haldið.



Mynd 5 Vötturinn frá Arnheiðarstöðum

### 2.2.5 Sprang



Mynd 6 Sprang

Sprang er aðferð þar sem bönd sem liggja öll í eina átt eru bundin saman (mynd 6). Þetta er ekki ósvipað og gert er þegar aðferðin Netting er notuð nema sú aðferð notar bönd bæði langsum og þversum og hnúta. Þessi aðferð er miklu eldri en prjónaaðferðin og virðist hafa verið notuð um allan heim. Hún bauð upp á að hægt væri að búa til teygjanlegra efna en hægt var að fá með vefnaði. Það hafa fundist nokkrir gripir gerðir með þessari aðferð víðsvegar um heiminn. Eitt það elsta er hárnét sem fannst í Danmörku frá því um 1400 f. Kr. og fundist hafa dæmi frá Perú frá 1100 f.Kr. Þessi aðferð er það ólík prjóni að hún hefur ekki verið talin undanfari þess (Rutt, 1987: 9). Það virðast ekki hafa fundist dæmi um efni hér á landi þar sem þessi aðferð hefur verið tilgreind.


### 2.2.6 Brugðið sprang



Mynd 7 Brugðið sprang

Brugðið sprang var unnið úr samhliða þráðum sem lagðir voru hvor yfir annan á víxl, stundum voru þverþræðir notaðir til að festa flétturnar (mynd 7). Þannig gat orðið úr þessu þétt band sem þó var teygjanlegt. Ekki hafa fundist heimildir þar sem brugðið sprang hefur verið tilgreint sem aðferð hér á landi þótt einhverjar minjar hafa fundist í nágrannalöndum Íslands (Harpa Hreinsdóttir, 2010). Þessi aðferð virðist hafa verið þekkt víða þar sem minjar um bæði Sprang og brugðið sprang frá því f.Kr. hafa fundist víðsvegar um heiminn, m.a. í Perú, Grikklandi og í mýrlendi í Noregi og Danmörku (Sprang 2011).


### 2.2.7 Hekl



Mynd 8 Hekl og heklunál

Hekl er talið vera þó nokkuð yngra en prjón. Aðferðin að hekla er, eins og það að prjóna, notuð enn í dag. Þegar heklað er þá er notuð nál sem hefur krók á öðrum endanum (mynd 8). Þessar nálar geta verið misþykkar og fer þykkt þeirra allt eftir þykkt á því bandi sem unnið er með. Þegar heklað er þá er notað samfellt band eins og í prjóni og ein lykkja. Bandið er dregið gegnum lykkjuna til að mynda heild. Ekki eru til miklar upplýsingar um uppruna heklansins. Það gæti hafa verið notað í bland við útsaum í upphafi en þannig aðferð þekktist í Austurlöndunum og í Evrópu á 18. öld. Var hún kölluð *tambour*. Hekl er talið hafa þróast í þá aðferð sem notuð er enn í dag á 19. öld. Það eru til heimildir um hekl í Bretlandi frá þeim tíma (Rutt, 1987: 10). Það virðist einnig hafa þekkt á Íslandi frá 19.öld (Elsa E. Guðjónsson, 1995: 75). Hekl á það sameiginlegt með prjóni að það sem er búið til getur raknað upp. Það er hins vegar auðvelt að stækka og minnka og móta það sem er heklað. Eins er auðvelt að hafa stykki hringlaga eða slétt og þannig hægt að breyta því sem unnið er með á auðveldan hátt. Þessi aðferð er oft notuð með prjónaaðferðinni nú til dags, opnar lopapeysur þar sem kantur að framan er heklaður eru dæmi um það.

### 2.2.8 Spjaldvefnaður



Mynd 9 Spjöld fyrir spjaldvefnað

Spjaldvefnaður er ævaform vefnaðartækni sem talið er að hafi borist hingað til lands strax í upphafi landnáms. Elstu dæmi um þessa aðferð ná allt aftur til 400 f. Kr. (Goslee, 1990). Dæmi hafa fundist víða í Evrópu af bútum af böndum ofnum með þessari aðferð (Rutt, 1987: 11). Þessi aðferð þekktist einnig á hinum Norðurlöndum á víkingaöld. Því til stuðnings má nefna að meðal þess sem fannst í *Ásubergsskipinu*<sup>3</sup> voru dæmi um spjöld fyrir spjaldvefnað (Arnheiður Sigurðardóttir, 1969: 32; Ingstad, 2004). Þessa aðferð má nota til að búa til bönd af mismunandi breidd. Bönd sem eru

<sup>3</sup> Ásubergssipið: Langskip sem grafið var upp 1904 við Oseberg í Noregi. Það er talið vera frá 815-820 (Osebergskipet, 2011).



sterk og má nota bæði sem skraut eða sem belti, ólar, tauma eða hvað annað sem þurfa þykir. Nafnið er dregið af því að notast er við mismunandi fjölda spjalda við vefnaðinn (Íslensk orðabók, 2002: 1435). Gegnum þau eru dregin bönd sem notuð eru sem uppistaða (mynd 9). Þessi spjöld gátu verið úr ýmsu efni: tré, börk, beini, leðri eða hverju því sem var við höndina. Nú til dags, þegar þessi aðferð er notuð, eru þau oftast úr hörðum pappa. Segja má að þessi aðferð sé líkari vefnaði heldur en aðferðinni að prjóna (Inga Lára Lárusdóttir, 1943: 177). Þjóðminjasafnið á nokkur dæmi af *stytuböndum*<sup>4</sup>. Tvö þeirra eru með ofin ártölin 1818 og 1854. Þessi bönd sýna að þótt tæknin sé einföld er mögulegt að búa til mjög flókin munstur og skreytingar með henni (Kristján Eldjárn, 1994: 70).

### 2.2.9 Samantekt

Eins og áður sagði eiga ekki allar þessar aðferðir sér dæmi á Íslandi þótt ekki sé hægt að útiloka að forfeður okkar hafi þekkt þær og notað. Það gildir um þær allar að hlutir búnir til með þeim varðveitast yfirleitt illa. Sumar þessara aðferða eiga það sameiginlegt með vefnaði að þær byggja á að það sé uppistaða af böndum sem liggja samhliða. Aðrar byggja á lykkjum og eiga þær þannig meira sameiginlegt með prjónaaðferðinni. En allar snúast þessar aðferðir um það að búa til samfelld efni úr bandi, hver á sinn hátt.

---

<sup>4</sup> Bönd sem voru notuð til að binda pils svo þau yrðu styttri, gert til að auðvelda göngu (Íslensk orðabók 2002: 1507).

### 3 Saga prjóns

Þegar leitað er upplýsinga um hvar og hvenær fólk fór að *prjóna*<sup>5</sup> er ekki mikið til af heimildum. Þessi kunnátta virðist hafa borist um heiminn fyrir nokkur hundruð árum svo þetta er ekki ýkja gömul aðferð. Þegar að er gáð þá virðist frekar lítið hafa varðveist af prjónuðum flíkum og prjónum. Til að skoða upphaf prjónakunnáttu, bæði hér á landi og annars staðar í heiminum er því nauðsynlegt að leita upplýsinga í margvíslegum öðrum heimildum.

#### 3.1 Upphaf prjóns

Það að vinna hár í band var þekkt um mest alla veröld. Eins og vefnaður virðist prjónakunnáttan hafa átt rætur í Austurlöndum. Elstu minjar af prjónuðum sokkum sem hafa varðveist eru frá Egyptalandi og eru taldar vera frá 12.öld (Rutt, 1987: 31; Kiewe, 1971: 67, 81-82). Þótt ekki sé mikið til af heimildum til að styðjast við er talið líklegt að prjónakunnátta hafi borist eftir N-Afríku til Spánar, hugsanlega með kaupmönnum eða með múslimskum þrælum (McGregor, 1983: 13). Prjónaðir púðar sem fundist hafa á Spáni eru meðal elstu prjónuðu minja í Evrópu og styðja því þessa tilgátu (Rutt, 1987: 23). Útrás Spánverja til annarra landa gæti svo hafa borið þessa þekkingu til nágrannalandanna (Dawson, 1989: 6). Í framhaldinu barst svo þessi kunnátta til Norður-Evrópu með fólki sem átti erindi milli landa, t.d. eftir verslunarleiðum. Einnig hefur verið talið að kristniboðar sem ferðuðust um heiminn gætu hafa átt þátt í þessari útbreiðslu (Harlow, 1977: 13).


Ýmsar aðrar útbreiðsluleiðir eru mögulegar og það er nokkuð öruggt að þegar prjónaðar flíkur fóru að sjást í löndum sem ekki þekktu prjónaskap hafi áhugi vaknað og útbreiðslan þannig aukist. Hægt er að hugsa sér að prjónaður fatnaður hafi verið sendur til herflokka víðs vegar um rómverska heimsveldið og að þessi fatnaður þannig haft áhrif á útbreiðslu á prjónakunnáttu (Kiewe, 1971: 78). Reikna má líka með að áhugi þeirra sem ferðuðust um Austurlönd hafi vaknað þegar þeir sáu leið til að gera úr bandi flíkur sem hægt var að móta betur að líkamanum en flíkur úr ofnu efni (Black, 1987: 9). Má nefna sokka og vettlinga sérstaklega í þessu sambandi. En

---

<sup>5</sup> Prjón: Að búa til samfastar lykkjur úr þræði með prjónum eða prjónavél (Íslensk orðabók, 2002: 1144).

Það eru einmitt sokkar sem oft hafa varðveist frá þessum upphafsárum prjónalistarinnar.

Þegar leitað er heimilda um prjón frá upphafi er almennt ekki mikið til varðveitt af gripum. Það þarf því að leita annarra leiða til að fá upplýsingar um hvenær prjónakunnátta var orðin almenn í Evrópu. Meðal þess sem gefur slíkar upplýsingar eru málverk og teikningar. Nokkrar Madonnumyndir frá 14. öld eru athyglisverðar þar sem hægt er að sjá Maríu mey prjóna flíkur og nota til þess nokkra prjóna sem mynda hring. Þessar og fleiri myndir frá 14. til 16. öld sýna greinilega að þá var þekkt að prjóna í hring á þrjá til fjóra prjóna (Rutt, 1987: 48; Robinson, 1987: 10, Kiewe, 1971: 125).



Mynd 10



Mynd 11



Mynd 13



Mynd 12



Mynd 14

Ef þessar myndir eru skoðaðar þá er hægt að sjá að á þeim öllum er prjónað á nokkra prjóna. *Our Lady Knitting* eftir Tommaso da Modena þar er prjónað í greinilegan hring (mynd 10). *The Holy Family* eftir Ambrogio Lorenzetti frá 1345 þar er einnig prjónað í hring með fjórum prjónum (mynd 12). Hluti af Buxtehude altarástöflu eftir Bertram von Minden er frá því um 1400. Hér sést María mey vera langt komin með að prjóna peysu og endar á háls máli peysunnar eins og enn er gert í dag (mynd 11). Hluti af altarástöflu eftir Nicolás og Martín Zahortiga frá 1460 sýnir sokk sem er á prjónunum (mynd 13). Hann er prjónaður frá tanni og upp á nokkra prjóna. Teikning eftir Hieronymus Wierix sem var teiknuð fyrir 1619, *The life of the Infant*, sýnir einnig prjónavinnu (mynd 14).

Ætla verður að þessar myndir séu börn síns tíma, frekar en að listamennirnir hafi haft þá trú að María hafi setið við jötuna og keppt við að klára peysu á Jósef. Þessar myndir koma engu að síður með mikilvægt innlegg í þá athugun hvenær prjónakunnátta varð almenn í Evrópu. Hvort sem þetta megi túlka þannig að prjónaskapur hafi verið það algengur að fólk hafi ekki haft hugsun á að prjón var ekki þekkt á tímum Jesú eða að þetta hafi verið nýjasta nýtt í Evrópu og þótt þess vegna eftirsóknarvert að hafa það með á málverkunum. Hvað sem því líður þá staðfesta þessar myndir að það var þekkt í Evrópu á 14.öld að prjóna á nokkra prjóna í hring.

Í upphafi var bara prjónað það sem er kallað „slétt prjón“<sup>6</sup>. Gert með því að prjóna á nokkra prjóna í hring. Það hentaði vel þegar prjónaðir voru sokkar eða vettlingar. Einnig fyrir ermar eða bol en ef það sem var prjónað átti að vera opið þurfti að klippa það sem hafði verið prjónað í hring. Prjónarnir gátu verið úr ýmsu efni en algengast í Evrópu var að þeir væru úr stáli, smíðaðir þannig að járnsmiður klippti niður stálvír og jafnaði endana (Rutt, 1987: 16). Dæmi voru um að allt að tíu prjónar væru notaðir, allt eftir stærð þess sem prjóna átti. Ekki var byrjað að prjóna á tvo prjóna fram og til baka fyrr en seinna (Robinson, 1987: 10, 45-46). Það virðist ekki heldur vera fyrr en 1842 að getið er um að hnúðar væru settir á endana á prjónunum til að missa ekki niður lykkjurnar (Rutt, 1987: 16). Fyrstu dæmi sem þekkt eru um að prjónað hafi verið „brugðið“<sup>7</sup> eru frá því um 1562 (Rutt, 1987: 24). Sagt er að þannig prjón hafi verið notað þegar silkisokkar voru prjónaðir fyrir

<sup>6</sup> Slétt prjón: Þegar prjónað er í hring og alltaf prjónuð rétt lykkja eða prjónað á tvo prjóna rétt eina umferð og næsta umferð prjónuð með öfugri lykkju (Íslensk orðabók 2002: 1383).

<sup>7</sup> Brugðið prjón: Þegar prjónað er eins (slétt) fram og til baka á tvo prjóna eða prjónað í hring ein umferð réttar lykkjur og næsta umferð ranghverfar lykkjur (Íslensk orðabók, 2002: 164).

Elísabetu I drottningu (1558-1603). Þá fara einnig að sjást mynstur sem mynduð eru með því að gera til skiptist slétt og brugðið. Einnig er þá farið að móta flíkur með því að auka við eða fækka lykkjum eftir þörfum til að láta þær passa betur (Rutt, 1987: 14). Önnur drottning, Mary Skotadrottning, er talin hafa verið í prjónuðum sokkum þegar hún var tekin af lífi 1587 (Rutt, 1987: 68). Aðrar heimildir um prjónaskap í Evrópu eru prjónaðir munir sem fundist hafa um borð í skipinu *Mary Rose*<sup>8</sup> sem sökk 19. júlí 1545. Þar hafa fundist prjónaðir sokkar, hattar og fleira (Rutt, 1987: 63).

Það má almennt segja að þegar skoðað er hvað hefur varðveist og athugaðar aðrar upplýsingar um það sem prjónað var í byrjun, virðast það hafa verið sokkar af ýmsum gerðum (Lind, 1984: 115). Sokkar voru oft hafðir háir og voru prjónaðir úr mjög misþykku bandi. Hér má sjá dæmi um ólíka sokka sem hafa varðveist (myndir 15 - 16, mynd 23 sýnir munstur af sokk á mynd 16).



Mynd 15 Sokkar frá 1562



Mynd 16 Sokkar frá 17.öld

Ef sérstaklega er hugað að rituðum heimildum þá virðist ekki vera til orð í forn-grísku eða í latínu yfir það að prjóna. Það orð sem notað hefur verið í latínu er *contextus*, sem þýtt hefur verið í ensku sem „*interwoven*“. Það er talið geta táknað prjón eða aðrar álíka aðferðir (Rutt, 1987: 4).

Í Evrópu er það ekki fyrr en á 14. öld sem hægt er að segja með vissu að prjónakunnátta hafi fest rætur. Meðal elstu rituðu heimilda í sambandi við prjón á Bretlandi er ljóð frá 1560 þar sem var notað orðið *knyttynge* sem orðið *to knit* er talið vera dregið af (Rutt, 1987: 1-2). Fleiri skrifaðar heimildir finnast frá sama tíma. Má þar nefna dæmi úr leikritum *Shakespear*. Í leikritinu *Two Gentlemen of Verona*, sem var skrifað um 1590, kemur orðið knit fyrir þrisvar, t.d. þegar Launce talar um þá sem hann elskar segir hann: „*She can knit.*“ (Shakespeare, 1590). Einnig voru á þessum

<sup>8</sup> Skip smíðaða í Bretlandi 1509-11, á tíma Hinriks VIII konungs. Sökk 1545 en var fært upp á yfirboðið 1982 (Mary Rose).

tíma til í Bretlandi sérstakir söngvar sem sagt er að hafi verið sungnir meðan þrjónað var í takt við lagið og jókst hraðinn með hraðari takti (Dawson, 1989: 6). Það virðist svo vera á 16. öld sem þekking á þrjónalistinni hafi borist til fjærstu staða í Evrópu, s.s. til eyjanna kringum Bretland og til Íslands (McGregor, 1981: 11).

Annars konar heimildir sem gefa upplýsingar um að á 16. öld hafi þessi kunnátta verið almenn eru þær að það verða til sérstakir þrjónaskólar og að stofnuð voru samtök þrjónamanna (*Knitters Guild*) í París og í fleiri Evrópulöndum (Kiewe, 1971: 82; Rutt, 1987: 76). Venja var að þannig samtök voru aðallega fyrir karlmenn. Helstu þekktu undantekningar frá „*Einungis karlmenn reglunni*“ voru í samtökum vefara og í nokkrum tilfellum í samtökum gullsmiða (Amt, 1993: 194). Því benda þessi samtök til þess að karlmenn hafi stundað þrjónaskap á þessum tíma.

Strax í upphafi tók fólk þrjónakunnáttu fagnandi vegna breytinga á fataframleiðslu og nýtingu á ull og vinnukrafti. Fólk gat þrjónað hvar og hvenær sem var, inni og úti (mynd 17). Þegar þessi kunnátta berst milli manna má hugsa sér að fólk hafi fyrst þrjónað eftir fyrirmyndum, t.d. notað aðrar þrjónaðar flíkur til að fara eftir. Seinna verða svo til leiðbeiningar og ein elsta þekktu þrjónauppskriftin er frá 1655, gefin út í London í blaðinu *Natura Exenterata* (Rutt, 1987: 239). Seinna þegar framleiðsla á efni til fatagerðar fór að færast í verksmiðjur þá varð breyting á og fólk þrjónaði ekki af jafnmikilli nauðsyn og áður. Þrjónakunnátta datt samt aldrei niður og fyrirpart 19. aldar komst það svo í tísku að þrjóna og fyrstu þrjónabækur fyrir almenning komu út í Englandi 1835-1840 (Rutt, 1987: 111). Það má segja að áhugi á handþrjóni hafi allt frá upphafi verið mismunandi mikill en að þessi áhugi hafi aldrei dáið út.



Mynd 17 Þrjónað í Wensleydale, Englandi

## 3.2 Saga þrjóns á Íslandi

Sú ullarvinnsla sem stunduð var hér á landi í upphafi byggði á þeim hefðum sem fólk flutti með sér frá gamla landinu eða vitneskju sem Íslendingar báru með sér eftir ferðalög til fjarlæggra landa. Einnig má reikna með að það fólk sem flutt var nauðugt hingað til lands frá þeim löndum sem forverar okkar höfðu herjað á hafi flutt með sér margvíslega þekkingu.

Það er því ekki ástæða til að ætla annað en að vinnubrögð hér á landi hafi verið sambærileg þeim sem tíðkuðust annars staðar í Evrópu. Það er óhætt að reikna með að þegar þrjónakunnátta berst til landsins hafi sama þörf verið til staðar hér til að nýta þessa nýju tækni, sérstaklega til að búa til smærri flíkur. Allur klæðnaður fólks hafði annars verið gerður úr ofnu efni, bæði yst sem innst (Helgi Þorláksson, 1991: 286-288; Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 198). Það er því auðvelt að skilja áhuga á þeim möguleika að nýta bandið, sem þegar var til, til þess að búa til flíkur sem auðveldara var að láta passa betur.

### 3.2.1 Gripir

Fáir gripir eru varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands sem tengja má þrjónaiðkun landsmanna frá upphafi þrjóns á 16. öld. Ekki hafa heldur fundist margir gripir sem tengjast öðrum aðferðum sem voru notaðar fyrir og jafnhliða þrjóni hér á landi. Einungis er um að ræða nokkur dæmi og eru þau frá nokkrum fornleifauppgröftum. Í sambandi við eldri minjar skrifar Kristján Eldjárn í Kuml og haugfé (2000) að litlar leifar af klæði, vaðmáli og lérefti hafi fundist í kumlum hér á landi. Helstu fundir sem tengja má ullarvinnslu frá upphafi byggðar á Íslandi hafa komið í ljós við uppgrefti á Kirkjubæjarklaustri, Þjórsárdal, Stóruborg, Viðey, Aðalstræti og Suðurgötu (Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 169). Þótt ekki hafi fundist dæmi um þrjónaskap nema á fáum stöðum er ekki þar með sagt að fólk hafi ekki þrjónað um allt land. Snældusnúðar sem eru öruggt merki um ullarvinnslu hafa fundist í öllum landshlutum. Það má því trúa að áhugi hafi verið fyrir hendi um land allt að kynnast þessari nýju iðju.

Í sambandi við fundna gripi er rétt að nefna Stóruborg sérstaklega. Þar fannst snældusnúður með áletrun sem gerir mögulegt að leiða getum að því að hann hafi tilheyrt húsfreyjunni sem vitað er að hafi búið þar á 16. öld, Önnu. Snældusnúður bendir til ullarvinnslu á staðnum en þarna fundust einnig nokkrar þrjónaðar flíkur auk þrjóna, en góðar aðstæður voru á staðnum til varðveislu (Stóraborg, 1978-90: 6).

Parna fundust prjónar sem teljast vera elstu varðveittu prjónar á Íslandi (Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 198). Þetta eru þrjár prjónar úr málm (Sarpur, Þjms.Stb. 1979-308, 370, 235). Tveir eru heilir en einn sem var búinn til úr kopar er brotinn. Þeir eru um 2,5-3 mm að þykkt og lengdin er um 20 cm (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 8). Þetta eru sokkaprjónar sem eru svipaðir að gerð og þeir prjónar sem notaðir eru enn í dag. Annað dæmi um prjóna sem fundist hafa hér á landi fundust einnig nokkrir saman, sjö samtals (mynd 18). Þeir fundust við fornleifauppgröft á Kirkjubæjarklaustri (Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2009: 56). Þeir virðast vera sambærilegir að lengd og þykkt og þeir prjónar sem fundust á Stóruborg. Fjöldi þeirra vekur upp vangaveltur um að þeir hafi hugsanlega verið notaðir allir saman til að prjóna stærri flík en sokk eða vettling. Þeir gætu hugsanlega hafa verið notaðir saman til að prjóna bol á peysu eða á einhvers konar aðra víða flík (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 9). En það er auðvitað ekkert sem gefur upplýsingar um slíkt þegar einungis prjónarnir sjálfir eru skoðaðir.



Mynd 18 Sjö bandprjónar

Það er merkilegt að prjónar, sem eru í raun einföld og auðnota verkfæri, virðast hafa haft mikil og varanleg áhrif á alla úrvinnslu úr ull hér á landi. Þeir og sú kunnátta að nota þá hafði það víðtæk áhrif að stundum hefur verið talað um að þetta hafi í rauninni valdið byltingu sem hægt er að jafna við tæknibyltingar seinni tíma (Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 198). Ef skoðaðir eru þeir fáu prjónar sem hafa fundist hér á landi og litið til þess hvernig prjónar voru í Evrópu í upphafi, þá er full ástæða til að telja að allir prjónar hér á landi hafi í byrjun verið stuttir og beinir. Þeir voru væntanlega alltaf notaðir nokkrir saman til að prjóna hringlaga flík og voru sambærilegir þeim prjónum sem við köllum núna sokkaprjóna eða bandprjóna. Lýsing er til af hvað prjónn er úr orðabók frá 18. öld: „... úr járn, mjóir, sívalir, hnúðlausir og um það bil spannar<sup>9</sup> langir“. Prjónum var skipt eftir gildleika í smábandsprjóna og duggarabandsprjóna allt eftir hvaða tegund af bandi þeir voru notaðir til að prjóna úr (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 9).

Sá textíll sem hefur fundist hérlendis, bæði ofinn og prjónaður, er að mestu misstórir bútar eða tægjur af flíkum. Fátt er um að heillegar flíkur hafi varðveist.

<sup>9</sup> Spönn var algeng mælieining, var þriðjungur úr alin (bilið milli þumalfingurs og litla fingurs á útglenntri hendi) (Vigdís Pálsdóttir, 1982: 46).



Helst er að nefna fundi á Stóruborg en þar fundust nokkrir heillegir prjónaðir hlutir, t.d. *belgvettlingur*<sup>10</sup> í nokkuð heilu lagi (mynd 19, Sarpur, Þjms Stb: 1981-587). Þessi vettlingur er talinn vera frá fyrri hluta 16. aldar. Barnasokkur fannst á sama stað og er hann talinn vera frá 1650-1750 (mynd 20, Sarpur, Þjms Stb: 1979-322). Til viðbótar fannst annar sokkur, háleisti (Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 198; Mjöll Snæsdóttir, 1994: 246-7). Ein elsta prjónaða húfa sem fundist hefur hér á landi fannst í Viðey og er hún talin vera frá 16. öld (Elsa E. Guðjónsson, 2004: 287). Aðrar varðveittar leifar af prjónuðum flíkum eru frá upphafi 17.aldar og fundust þær við uppgröft á Bergþórshvoli. Voru þær einnig prjónaðar í hring með sléttu prjóni (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 8).

Vert er að nefna líka prjónaða peysu sem fannst í gröf í Búlandi og talin er vera frá því um 1780 (Hrefna Róbertsdóttir, 2008: 430). Þessi peysa gefur upplýsingar um lögungu og prjónaaðferð. Hún er nokkuð rifin og virðist hafa verið bætt og stöguð og gefur því mikilvægar upplýsingar um nýtni og nauðsyn þess að nota vel allt það efni sem til var. Þessi endurnýting á prjónuðu efni hefur verið nefnd sem hugsanleg skýring á því að lítið hefur varðveist af prjónuðum flíkum til viðbótar við þá staðreynd að allt prjónles var unnið úr ull sem þarf ákveðnar aðstæður til að varðveitast í jörðu. Aðrar heillegar prjónaðar flíkur sem til eru frá fyrri tíð hér á landi eru flestar frá 19. og 20. öld.



Mynd 19 Sléttprjónaður belgvettlingur



Mynd 20 Barnasokkur

Ef skoðaðir eru þeir gripir, sem fundist hafa hér á landi og eru nógu heillegir til að hægt sé að sjá lögungu þeirra, þá virðast þeir allir vera prjónaðir með sléttu prjóni og hafa verið hringlaga, án samskeyta, að öllum líkindum prjónaðir á nokkra sokkaprjóna. Þessu ber saman við það sem þekkist frá sama tíma í Evrópu og áður er getið. Þeir prjónar sem hafa fundist hér á landi styðja þetta einnig. Þótt þær fáu

<sup>10</sup> Belgvettlingur var einþumla. Fingravettlingar þekktust einnig og svo sjómnavettlingar með tveim þumlum (Jón J. Aðils, 1971: 502-3).

prjónuðu flíkur sem fundist hafa séu allar úr sléttu prjóni er heldur ekki hægt að útiloka að einnig hafi verið notað brugðið prjón. Það gæti hugsanlega verið að munstur hafi verið búin til með því að nota slétt og brugðið prjón í bland, stundum kallað *Damaskprjón* (Elsa E. Guðjónsson, 2004b: 288). Lítill ullarbútur (Sarpur, Þjms. Stb. 1980-175) sem fannst á Stóruborg og talin er vera frá seinni hluta 17.aldar sýnir einmitt að sú aðferð var þekkt að nota slétt og brugðið til að mynda munstur. Þannig munstur gæti hafa verið teiknað sem reitamunstur. Heimildir sem geta bent til þess að útprjón hafi orðið algengt er úr bók frá 17.öld með munstrum, svo kölluð *Sjónarbók*. Þetta er handteiknuð bók með uppdráttum af munstrum og stafagerð (Elsa E. Guðjónsson, 1990a: 33). Þótt bókina hafi að öllum líkindum verið ætluð til útsaums frekar en til að prjóna eftir er samt vel hægt að hugsa sér að einhver af munstrunum hafi einnig verið notuð til að prjóna eftir. Tæknin var fyrir hendi og í þessari bók er áttablaða rósinn sem enn er algeng í útprjóni (Elsa E. Guðjónsson, 2009: 14). Fleiri sjónarbækur hafa varðveist frá svipuðum tíma.

Aðrar uppskriftir sem til eru frá fyrri tíð eru uppskriftir af formprjóni frá því um 1760. Þar eru leiðbeiningar um hvernig prjóna á formprjónaðar peysur (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 11). Þannig peysur voru prjónaðar og notaðar hversdags fram að aldamótum 1800, seinna voru þær svo notaðar sem spariflíkur (Guðmundur L. Friðfinnsson, 1991: 165). Þessar peysur og skotthúfur voru prjónaðar úr mjög fíngerðu bandi og var mikil vinna við að fullgera hverja flík. Dæmi voru um að fleiri en ein kona ynni að sömu peysunni. Voru þá notaðir margir prjónar og prjónuðu þá konurnar hver á móti annarri (Elsa E. Guðjónsson, 1990b: 5).

Reikna má með að það hafi mest verið prjónað úr bandi í sauðalitunum (hvítu, mórrauðu og sauðsvörtu) þótt sú þekking hafi snemma verið til staðar á Íslandi hvaða jurtir væri hægt að nota til litunar. Litunin var trúlega meira hugsuð fyrir ofið efni, þótt ekki sé hægt að útiloka að prjónaband hafi einnig verið litað. Elstu rit með upplýsingum um litun á ull með íslenskum jurtalitum eru frá 1786 (Elsa E. Guðjónsson, 1974: 23). Aftur á móti má telja líklegt að litun hafi frekar verið viðhöfð þegar unnið var betra efni til að nota í innlenda fatagerð, frekar en þegar prjónaðir voru sokkar til útflutnings.

Annað sem hefur varðveist og tengist prjóni eru sokkamót úr tré (mynd 21). Þau voru notuð til að móta stærð og lögun á sokkum. Ákveðnar reglur voru settar um stærð og lögun á þeim skökkum sem notaðir voru við vöruskipti eða til útflutnings.

Þessi tré voru sett inn í sokkana eftir að þeir höfðu verið þvegnir og þæfðir. Þau voru til á hverjum bæ og það er meira að segja til vísa eftir Stefán Ólafsson frá 17. öld þar sem hann yrkir um sokkatré og illa prjónaða sokka (Elsa E. Guðjónsson, 1994a: 154). Nokkur sokkatré hafa varðveist, meðal annars eitt sem er talið vera frá 18. öld og er varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands (Sarpur, Þjms. 11553).



Mynd 21 Sokkatré

Annað sem tengist prjónaskap eru aflangar tréhirslur með renndu trélöki. Þetta eru hirslur sem voru notaðar undir bandprjóna, kallað *prjónastokkar*. Þeir voru oft fagurlega útskornir, merktir eiganda sínum og voru stundum búnir til sem gjöf fyrir ákveðna prjónakonu (Elsa E. Guðjónsson, 1990b: 6).

Einn gripur sem hefur fundist í nágrannalöndum okkar en ekki fundist hér eru prjónabelti. Þau virðast hafa verið algeng á Bretlandseyjum og hafa nokkur varðveist þar. Var þetta belti sem var haft um mittið og var notað til að styðja einn prjóninn og átti þannig að auðvelda vinnuna við prjónaskapinn (Maarjatta Ísberg, 2005: 24).

### 3.2.2 Aðrar heimildir

Þótt ekki hafi fundist mikið af minjum sem gefa upplýsingar um prjónavinnu hér á landi er hægt að finna annars konar heimildir. Ein elsta ritaða heimild sem vitað er um er þar sem skráð er að Guðbrandi biskup á Hólum hafi verið greitt fyrir hluta af landskuld með *prjónlesi*<sup>11</sup> árin 1582-3 (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 8; Þorkell Jóhannesson, 1943: 148). Einnig er í Jarðarbók Árna og Páls árið 1711 nefnt að mögulegt sé, í sérstökum tilfellum, að borga landskuld með prjónlesi þótt fiskur hafi verið algengasta greiðslan (Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1982: 169).

Talið hefur verið að orðið *prjónað* hafi fyrst komið fyrir á prenti á Íslandi í Biblíu prentaðri á Hólum 1584 þegar kyrtill Krists er sagður prjónaður (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 8). Eldri þýðing Odds Gottskálkssonar frá 1540 notar orðið ofið í stað prjónaður sem bendir óneitanlega til þess að á þessu tímabili hafi prjónatæknin verið að festa rætur (Inga Lára Lárusdóttir, 1943: 179). Ein önnur heimild er frá 1581 í bréfabók Guðbrands biskups á Hólum (Magnús Guðmundsson, 1988: 88; Anna Sigurðardóttir, 1985: 346). Nokkrum árum seinna (árið 1606) er felldur dómur þar

<sup>11</sup> Prjónles: prjónaður varningur (Íslensk orðabók, 2002: 1144).

sem fjallað er um léleg vinnubrögð við sokkagerðina og gefin fyrirmæli um hvernig þrjónaðir sölusokkar eigi að vera (Þorkell Jóhannesson, 1965: 167). Þessi fyrirmæli virðast hafa haft takmörkuð áhrif og var það viðvarandi að kaupmenn kvörtuðu yfir þeim sokkum og vettlingum sem þrjónað var fyrir útflutning (Jón J. Aðils, 1971:503).

Málverk og altarástöflur sem til eru frá þessum tíma sýna fólk, oftast hefðarfólk eða presta, og klæðnað þess. En þar er væntanlega oftast um spariklæðnað að ræða svo ekki er heppilegt að nota þessar myndir öðruvísi en sem takmarkaða heimild fyrir klæðnaði almúgafólks á Íslandi (Æsa Sigurjónsdóttir, 1985: 8). Þeir útlendingar sem ferðuðust um landið teiknuðu stundum eða máluðu það sem fyrir augu bar. Til er málverk frá einni slíkri ferð, leiðangri Sir. Josephs Bank til Íslands árið 1772. Sýnir það hvar tvær konur sitja á bæjarhlaðinu fyrir framan hefðbundinn íslenskan torfbæ og þær eru greinilega að þrjóna á sokkaprjóna (Hrefna Róbertsdóttir, 2001: 35). Þessar samtíma myndir ásamt lýsingum á klæðnaði Íslendinga eru mikilvægar jafnvel þótt gera verði ráð fyrir túlkun erlendu ferðamannanna á því sem þeir sáu á ferðum sínum (Æsa Sigurjónsdóttir, 1985: 21). Þetta eru engu að síður mikilvægar samtímaheimildir, sérstaklega þar sem klæðnaður breyttist ekki hratt á þessum tíma. Samkvæmt lýsingum úr ferðabókum þá voru það helst peysur og sokkar sem var þrjónað (Eggert Ólafsson II, 1978: 222).

Það er samt líklegt að ýmislegt fleira en fatnaður hafi verið þrjónað. Um miðja 18. öld er skrifað að: „... listiðnaður kvenna er einkum fólgin í fögru útþrjóni ...“ (Eggert Ólafsson I, 1981: 107). Einnig má nefna kvæði sem séra Stefán Ólafsson í Vallanesi orti til Guðríðar Gísladóttur þegar hún var lítil stúlka og er frá 17. öld. Þar er ort um þrjónalist ásamt annarri listið (Anna Sigurðardóttir, 1985: 293):

*Útskurð, allan vef  
með írskum saum,  
úrrak og flest flúr  
við falda að leggja,  
allt ullarverk  
og þrjónalist,  
línhærðan lagð  
lita á margan hátt.*

### 3.2.3 Tæknibylting

Upphaf þrjónakunnáttu hefur stundum verið kallað „*tæknibylting*“ og það er auðvelt að skilja hvers vegna. Það að byrja að þrjóna var í raun ekki erfitt. Bandið til að þrjóna úr var til fyrir og verkfærin, þrjónana, var ekki erfitt að búa til. Hvort sem þeir voru úr jární, viði eða beini. Ekkert bendir til þess að fólk hafi þurft að breyta þeim aðferðum sem notaðar voru við að vinna ull í band, enda þarf ekki að vera munur á því bandi sem notað er til vefnaðar eða til að þrjóna úr því. Það var ekki fyrr en löngu seinna að algengt var að þrjóna úr óspunninni ull.

Þótt kljásteynavefstaðurinn hafi ekki verið flókinn né kallað á fjölbreyttan efnivið þá tók hann ákveðið pláss. Það þurfti að setja hann upp og hafa hann uppi meðan unnið var við að vefa. Það kallaði á líkamsþrek að vefa og var verkið bundið við þann stað þar sem vefstaðurinn var settur upp, hvort sem um var að ræða baðstofu, dyngju, jarðhýsi eða einhvern enn annan stað. Aðstæður þess sem vann við vefstaðinn voru þess vegna oft mjög erfiðar (Helgi Þorláksson, 1991: 312). Ekki gátu margir unnið við sama vefstað í einu og var einungis unnið með eitt efni í einu. Þetta breyttist allt með tilkomu þrjónanna. Hver maður gat haft sína þrjóna og hægt að þrjóna inni eða úti. Eins var mögulegt að sitja við þrjónaskapinn þar sem hita og skjól var að finna og hver gat þrjónað sína flík. Ekki þurfti endilega ljós til að þrjóna þannig að hægt var að vinna við þrjónaskap í skammdeginu (Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi, 1990: 190). Jafnvel þeir sem voru blindir gátu þrjónað.

Þess aðgengileiki bauð upp á róttæka breytingu sem þýddi að hægt var að nýta allt heimilisfólk í þrjónaskapinn. Þótt karlmenn hafi hugsanlega unnið við vefnað þá má samt leiða líkum að því að ákveðin skipting hafi verið milli karla- og kvennaverka (Helgi Þorláksson, 1991: 299; Hrefna Róbertsdóttir, 2001: 57). Tilkoma þrjónakunnáttunnar til landsins virðist hafi aukið þátt karlmanna í fatagerð (Eggert Ólafsson I, 1981: 267). Dæmi voru um að karlar hefðu með sér þrjónana í gegningar og til eru minningar um að bændur hafi hist á göngu milli bæja, báðir þrjónandi (Í Eyjafriði fyrir 50-60 árum, 1935: 84; Sara B. Þorsteinsdóttir og Valgerður K. Sigurðardóttir, 1984: 11). Heimildir eru fyrir því að þegar *Tukthúsið* var stofnað í Reykjavík um miðja 18. öld hafi fangarnir verið látinir sinna ýmis konar ullarvinnu og vel má hugsa sér að þar hafi m.a. verið þrjónað (Hrefna Róbertsdóttir, 2008: 137).

Karlar, konur, börn og gamalmenni það var sama á hvaða aldri eða hvaða önnur störf fólk þurfti að vinna allir gátu þjónað. Mismunandi kröfur voru þó gerðar eftir aldri og kunnáttu hvers og eins (Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi, 1990: 72). Þessi gamli húsgangur eftir óþekktan höfund sýnir að reiknað var með að börn tækju þátt í þjónaskapnum (Fastir þættir, 1999):

*Fyrst þú ert komin á fjórða ár  
fara áttu að vinna.  
Þú átt að læra listir þrjár:  
lesa, þjóna og spinna.*

Iðni og dugnaður var mikils metið og dæmi voru um að gestkomandi fólki væru fengin verkefni við þjónaskap, því enginn mátti sitja iðjulaus (Sara B. Þorsteinsdóttir og Valgerður K. Sigurðardóttir, 1984: 11). Eða eins og haft er eftir Jóni biskupi Víðalin: „*Sá sem uppelst iðjulaus á það á hættu að deyja ærulaus*“ (Steingrímur Matthíasson, 1941: 55). Þá má meira að segja finna dæmi um að sagt hafi verið að fólk ætti að „... *vinna sér til hita*“ (Kristleifur Þorsteinsson, 1971: 67).

Almennt var lítið á að ullarvinna færi fram sem viðbót við önnur störf og oft á tíma sem fólk annars gerði lítið annað en sofa. Var það þannig góð nýting á tíma sem annars var ekki nýttur (Hrefna Róbertsdóttir 2008: 190). Vinnuálagið var mikið og í ferðabók Eggerts og Bjarna er skrifað um að kvenfólk hafi ekki verið mjög hraustlegt að sjá og þar var ástæðan fyrir því sögð að þær hafi eytt öllum sínum tíma innanhúss við ullarvinnu (Eggert Ólafsson II, 1978: 43). Eggert Ólafsson segir einnig frá því að notaðir hafi verið *vökulampar*<sup>12</sup> til að stjórna þeim tíma sem unnið var við þjónaskapinn. Meira að segja voru dæmi um að þeir sem vöknúðu snemma þjónuðu áður en þeir fóru úr rúmi á morgnanna (Í Eyjafriði fyrir 50-60 árum, 1935: 82). Þegar svo þjónaskap lauk þurfti að þvo og þæfa þjónlesið og að lokum þurfti að þurrka það áður en það var tilbúið til notkunar.



**Mynd 22 Tóvinna**

<sup>12</sup> Vökulampi: tiltekið mál af lýsi og kveik notað til að marka tíma. Þegar allt ljósmeti var brunnið upp lauk vökunni (Eggert Ólafsson I, 1981:267).

Prjónana var eins og fyrr segir hægt að taka með sér hvert sem var. Þá var hnykli stungið undir hendi eða hann settur í svuntuvasann og svo var prjónað meðan gengið var milli bæja eða annað sem fólk þurfti að fara (Áslaug Sverrisdóttir, 2004b: 198; Anna Sigurðardóttir, 1985: 348). Sem dæmi má nefna frásögn úr Heiðarbylínu. Þegar Setta kemur að heimsækja Höllu þá er sagt: „ ... *hún hafði sokkhæð á prjónum og hnykilinn í handakrika sínum*“ (Jón Trausti, 1939: 246). Svo segir að hún hafi haldið áfram að prjóna meðan þær settust á rúmin í baðstofunni og töluðu saman. Til er saga af vinnukonu sem var á ferð og hélt á prjónum. Hún féll í hraungjótu en missti ekki prjónana og hélt áfram að prjóna meðan hún beið eftir aðstoð (Tryggvi Emilsson, 1976: 29). Það er skrifað um að konur hafi jafnvel prjónað við eldamenskuna – meðan beðið var eftir að suðan kæmi upp. Vinnusemin var jafnvel svo mikil að sá sem sá um upplestur fyrir fólk á kvöldin sleppti ekki prjónunum heldur prjónaði meðan hann las (Í Eyjafriði fyrir 50-60 árum, 1935: 81). Eða eins og segir í vísu eftir Herdísí Andrésdóttur (1982: 306):

*Vetur, sumar, vor og haust  
varð eg öðrum þjóna,  
sagnakverið lét ei laust,  
las við rokk og prjóna.*

Þetta var samt ekki bara strit og púl. Þótt öll vinnan sem þurfti að framkvæma við ullina væri mikil og oft lýjandi þá voru þess dæmi að gerður væri leikur úr vinnunni, sérstaklega þegar í hlut átti ungt og ógift fólk. Þær vinnukonur sem unnu við að spinna fengu þá mann til að tvinna með sér og átti bandið sem var spunnið að geta spáð fyrir um hvernig hjónaband þeirri myndi verða. Slétt og fellt band var það sem stefnt var að og ekki þótti vita á gott hjónaband ef miklir hnökrar væru á bandinu eða of margir blápræðir (Í Eyjafriði fyrir 50-60 árum, 1935: 81). Enn í dag er talað um að „*eitthvað hangi á blápræði*“. Annað var að ákveðin lengd af bandi var mæld og svo var keppt í því hver var fljótastur að prjóna úr sínu bandi (Snorri Sigfússon, 1968: 35-36). Það var líka merki um væntumþykju að prjóna sem gjöf einhverja flík. Það finnst dæmi um það í bæði bréfum og sögum. Í Pilti og stúlku gefur Sigríður Indriða leppa og segir „ ... *ég hef prjónað þá sjálf* ...“ (Jón Thoroddsen I, 1942: 27).

Tóvinnan í baðstofunni gat þannig verið ánægjuleg samvera, sambland af leik og starfi (mynd 22). Margir hefðu því örugglega getað tekið undir með skáldkonunni þegar hún yrkir um hversdagsstörfín (Herdís Andrésdóttir, 1982: 308):

*ég hef marga yndisstund  
átt við hversdagsstörfín.*

Þótt margir hafi þrjónað má samt reikna með að þessi breyting hafi frekar orðið hjá þeim sem lægra voru settir frekar en hjá þeim sem töldust vera hátt í samfélagsstiganum. Það virðist til dæmis að Ragnheiður Jónsdóttir biskupsfrú hafi aðallega fengist við útsaum á altarisklæðum og öðru fyrir m.a. kirkjur. Ekki eru til upplýsingar um að hún hafi þrjónað mikið, þótt það þurfi auðvitað ekki að útiloka að hún hafi gert það jafnframt saumaskapnum (Elsa E. Guðjónsson, 1990a: 34). Það virðist þó hafa verið almennt í gegnum aldirnar að allar konur, jafnt háar sem lágar, hafi sinnt vinnu við ull og fatagerð. Sem dæmi má nefna að Guðrún Ósvífursdóttir spann (Helgi Þorláksson, 1991: 299-303).

### 3.2.4 Útflutningur

Eitt af því sem breyttist mikið með tilkomu þrjónakunnáttu var vöruútflutningur Íslendinga. Útflutningsverslun hefur alltaf verið mikilvæg fyrir Íslendinga og jafnvel verið haldið fram að gott mannlíf á þjóðveldistímanum (930-1262) hafi verið yfirráðum Íslendinga á verslun að þakka (Helgi Þorláksson, 1991: 1). Fljótlega eftir upphaf byggðar á Íslandi var þó nokkuð um útflutning á ull, bæði óunninni og sem vaðmál (Helgi Þorláksson, 1991: 281). Ýmsar tegundir voru til af vaðmáli og til eru lýsingar á því hvernig þær áttu að vera (Gísli Gestsson, 1969: 69). Í Búalögum voru reglur um breidd, þéttleika og verð á vaðmáli. Það var því í föstum skorðum hvernig það vaðmál sem flutt var úr landi átti að vera (Búalög, 1966: 60). Á 14. öld dró hins vegar úr útflutningi á vaðmáli (Elsa E. Guðjónsson, 1985b: 144, Helgi Þorláksson, 1991: 16). Hertur fiskur og lýsi urðu aðal útflutningsvörur (Jón J. Aðils, 1971: 474).

Þegar eftirspurn varð svo í Evrópu eftir þrjónavöru urðu þrjónaðir sokkar okkar helsta tekjulind og þrjónles tók við sem helsta söluvara Íslendinga í útlöndum (Stefán Aðalsteinsson, 1981: 15). Það virðast aðallega hafa verið karlmenn sem voru skráðir fyrir útflutningi á unninni ull og þrjónlesi, þótt það sé hægt að finna meðal útflutningsaðila einstaka ekkjur og eina konu sem flytur út undir eigin nafni (Hrefna Róbertsdóttir, 2008: 262-3).



Það voru helst sokkar sem voru fluttir út, bæði hálf- og heilsokkar. Einnig voru vettlingar nokkuð stór hluti af útflutningi. Það þekktist að peysur væru prjónaðar og seldar en það var ekki eins algengt (Jónas Jónasson, 1961: 111). Það að prjóna sokka eða vettlinga var mun auðveldara í framkvæmd heldur en vefnaðurinn hafði verið. Þetta varð til þess að flestir reyndu að taka þátt í að prjóna vörur til að selja (Þorkell Jóhannesson, 1943: 149). Til viðbótar við útflutta prjónlesið þurfti að prjóna fyrir innanlandsmarkaðinn. Meiri fjölbreytileiki var í því sem var prjónað til heimanotkunar en það voru sem dæmi: prjónuð nærföt, peysur og sjöl. Allt var þetta prjónað í höndunum svo það var von að allir þyrftu að leggja hönd á plóginn (Inga Lára Lárusdóttir, 1943: 180).

Ákveðnar kvaðir voru um það hvað ætlast var til að fólk næði að prjóna. Sem dæmi má nefna að vinnustúlku var ætlað að skila tveim alsokkum eftir daginn og reiknað var með að vinnumenn næðu að prjóna sokkpar til viðbótar við önnur störf sem þeim var ætlað (Jónas Jónasson, 1961: 112-113). Sumir náðu allt upp í þrjú sokkpar á dag en það þýddi að hver stund var notuð (Snorri Sigfússon, 1968: 35).

Til eru útflutningsskýrslur sem sýna greinilega hvað prjónles var mikilvæg útflutningsgrein á Íslandi frá upphafi 17.aldar allt fram að lokum 18.aldar. Til að gefa hugmynd um útflutning á prjónlesi á þessum tíma má nefna skýrslur frá árinu 1624 sem sýna að flutt voru út 72.231 par af prjónuðum sokkum og 12.232 par af vettlingum. Á árunum 1733-1742 voru að jafnaði 197.128 par af duggarasokkum og vettlingum seld úr landi. Þetta er sá útflutningur sem til eru skýrslur yfir en fyrir utan það var trúlega selt beint til erlendra báta við landið (Jón J. Aðils, 1971: 501). Það er ekki ólíklegt að þó nokkur viðskipti hafi verið við einstaka báta þótt það hafi verið ólöglegt að versla við aðra en þá sem höfðu einokun á allri verslun hér á landi (Þorkell Jóhannesson, 1943: 142; Æsa Sigurjónsdóttir, 2004: 240). En það sem var mögulegt fyrir landsmenn að kaupa beint af bátunum var t.d. salt og veiðarfæri. Fyrir þessar vörur var oft greitt með prjónlesi (Viktoría Bjarnadóttir, 1945: 95).

Eftir miðja 18. öld var enn flutt út. Árin 1774-1783 voru það 146.398 par af sokkum og rúmlega 103.000 par af vettlingum (Jón J. aðils, 1971: 501). Þegar svo losnaði um hömlur og *Fríhöndlunin*<sup>13</sup> tók við seint á 18. öld voru enn í gangi

---

<sup>13</sup> Verslunarhættir á skeiðinu frá einokunarverslun til verslunarfrelsis, 1788–1855, þegar þegar Danakonungs máttu stunda kaupmennsku að vild (Íslensk orðabók, 2002: 392).

vöruskipti þar sem þrjónavara var mikilvæg (Þorkell Jóhannesson, 1955: 39). Allur þessi útflutningur hefur líklega farið í að greiða fyrir þau efni sem flutt voru inn. Því þegar leið fram á 18. öld jókst áhugi landsmanna á að flytja inn margskonar efni í fatnað, léreft, hör, prentaða bómull, flauel og fleira sem kom þá sem viðbót við þann fatnað sem búin var til innanlands (Æsa Sigurjónsdóttir, 2005: 17-21).

Þrjónles var ekki bara útflutningsvara, heldur varð það gjaldmiðill sem notaður var innanlands. Það var hægt að nota til að greiða m.a. sýslugjöld. Fór fjöldi þrjónaðra plagga sem þurfti að greiða eftir því hvað þau voru vel gerð (Inga Lára Lárusdóttir, 1943: 180).

Það eru ekki bara til skýrslur um hvað var flutt út, heldur einnig reglur um það hvernig þrjónles til útflutnings ætti að vera (Jón J. Aðils, 1971: 503). Ákveðin lengd átti að vera á sokkum, mælt með handlegg á fullorðnum manni. Heilsokkar voru lengd handleggs og hálf sokkar lengd upp að olnboga (Snorri Sigfússon, 1968: 34). Aðallega voru til tvær tegundir af bandi sem þrjónað var úr til útflutnings en það var annars vegar gróft eingirniband, sem notað var til að þrjóna duggaravettlinga og því kallað duggarales. Hins vegar var mun fínna tvígirniband, sem kallað var smáles. Smálesið var fíngerðara, mýkra og betur unnið. Það var verðlagt hærra og var verð samkvæmt samkomulagi meðan ákveðið verð var frekar sett á duggarlesið (Þorkell Jóhannesson, 1965: 166; Jón J. aðils, 1971: 501-3).

Það mikla magn sem hægt var að selja úr landi virðist hafa boðið heim óvönduðum vinnubrögðum. Það sést á heimildum um kvartanir vegna óvandaðrar vinnu og lélegrar vöru. Upplýsingar eru til um klögumál sem gengu milli kaupanda og seljanda vörunnar (Inga Lára Lárusdóttir, 1943: 179). Má ætla að sú pressa að þurfa að uppfylla kröfur um fjölda þrjónaðra plagga hafi verið á kostnað vandvirkni og gæða eða eins og Helgi Þorláksson skrifar: „... verkdyggðinni er fórn að vegna afkastanna“ (1991: 136). Árin 1690-91 kvartar kaupmaður yfir að ekki sé auðvelt að selja það sem keypt er af þrjónlesi og vaðmáli af Íslendingum (Jón J. Aðils, 1971: 503-4). Árið 1701 var svo gefið út konungsbréf þar sem fjallað var um þrjónles Íslendinga til að reyna að koma reglu á þennan útflutning (Annálar 1400-1800: 596). En það var samt ekki bara útflutningurinn sem gekk misjafnlega, erlendir kaupmenn áttu það til að fara ekki eftir verðskrá þegar kom að verðlagningu á innfluttum vörum, heldur var verðlagningu breytt eftir geðþótta (Oddur Einarsson, 1971: 133).

### 3.2.5 Arfleifð

Saga þrjóns á Íslandi er ekki gömul. Ekki er heldur mikið til af heimildum og fáar minjar varðveist. Varðveislan er frekar fólgin í því að þessi þekking er enn til staðar og sömu vinnubrögð eru notuð t.d við að þrjóna sokka og voru notuð fyrir nokkur hundruð árum. Sú kunnátta og tækni sem þeir sem þrjónuðu á Íslandi bjuggu yfir má sjá þegar skoðaðar eru handþrjónaðar peysufatapeysur og skotthúfur. Notaðir hafa verið örmjóir þrjónar og það band sem spunnið hefur verið í þessar flíkur hefur ekki verið nema á færi flinkustu spunakvenna að spinna.

Þótt þekking á að vinna ull í band sé ekki almenn og ekki sé algengt að klæði sé ofið í flíkur er þrjónakunnáttan enn lifandi meðal þjóðarinnar. Það er því ljóst að þessi þekking hafði mikil áhrif hér á landi og að hún kom í upphafi sem mikilsverð viðbót við þær aðferðir sem notaðar voru. Hún hefur svo náð að lifa af breytingar á ýmsum sviðum sem hafa átt sér stað seinustu aldir.

Það að kunna að þrjóna hefur þannig orðið mikilvægur hluti af menningararfi okkar Íslendinga. Það má meðal annars merkja með tilvísunum í þrjón í ýmsum orðtökum þar sem þrjónalíking er notuð: „*Að fitja upp á einhverju*“ þegar talað er um að brydda upp á einhverju til að tala um. „*Að hafa eitthvað á þrjónunum*“ þegar eitthvað er í bígerð eða einhver er með áætlun til að vinna eftir. Einnig er talað um að „*þrjóna við*“ þegar átt er við að bæta við texta, bæði fyrir framan eða aftan við textann (Íslensk orðabók, 2002: 1144). Talað er um að mikil áform hafi ekki gengið eftir þegar sagt er að eitthvað hafi ekki heppnast „... *þótt stórt væri á þrjónum haft* ...“ (Þorkell Jóhannesson, 1955: 371). Minna þekkt er að segja: „*Gott er að hafa alltaf á þrjónunum*“. Í þeirri merkingu að gott sé að láta sér ekki falla verk úr hendi, hafa alltaf eitthvað sem hægt er að grípa til ef ekki er nóg að gera (Sölvi Sveinsson, 1995: 32). Þegar svo sögumaður segir sögu sem er svo yfiringileg að sá sem hlustar getur ekki orða bundist þá gæti hann sagt: „*Jæja, mér þykir þú þrjóna*“ (Kristmann Guðmundsson, 1978: 35). Minn þekkt er: *Þrjónalind kona* er kona sem er fljót og velvirk við að þrjóna. Að *þrjón brjótast* er að klöngrast eitthvað og að *gelda þrjón* er að hlaupa yfir umferð þegar þrjónað er (Íslensk orðabók, 2002: 1144). Það er talað um að *hestar þrjóni* og það hefur jafnvel verið notað orðið að þrjóna um flugur, þegar fluga liggur á bakinu og hreyfir fætturna: „... *nú er flugan hætt að þrjóna – Hún er dáin*“ (Guðmundur Daníelsson 1944: 174-5).

Nokkrar gátur eru til þar sem svarið er *Bandprjónar* (Jón Árnason, gátur númer: 80, 242, 693, 811):

*Bræður fimm með breyttan leik  
borast hver í annars fat,  
tvær þá systur tölta á kreik,  
og troða þeim inn í sjálfs sín gat.*

*Fimm bræður fara hver í annars föt  
Hverjir eru þeir fimm bræður, er fara hver í annars föt ?*

*Knúðir um það keppa hér,  
klæðum fá ei með sér skipt,  
hver í annars fötin fer,  
fram til þess þeim verður svipt.*

Hér áður fyrr var ennfremur algengt að ýmiskonar hjátrú og siðir væru við líði, sérstaklega átti þetta við í sambandi við sjósókn. Ekki mátti prjóna lykkju eða sauma spor á sunnudegi í þá flík sem átti að nota á sjó og var sú regla aldrei brotin, þar sem enginn vildi leggja líf sjómanna í hættu (Kristleifur Þorsteinsson, 1971: 225).

Það hélst óbreytt í langan tíma að prjónaband var spunnið. Á öldum áður hefði jafnvel þótt skammarlegt að eiga ekki spunnið band ef eitthvað þurfti að prjóna (Anna Sigurðardóttir, 1985: 360). Flest það garn sem prjónað er úr í dag er spunnið, nær eingöngu spunnið í verksmiðjum. Það var ekki fyrr en um 1920 sem farið var að prjóna úr ullinni óspunninni hér á landi – því sem nú er kallað lopi. Orðið lopi er talið hafa verið notað allt frá 17.öld um ull sem búið var að kemba en átti eftir að spinna (þ.e. ull sem búið var að *lyppa*<sup>14</sup>) (Magnús Guðmundsson, 1988: 96). Úr þessum óspunna lopa hefur svo verið nokkuð algengt að prjóna seinustu áratugi á Íslandi (Elín Guðmundsdóttir Snæhólm, 1975: 10).

Enn í dag er prjónað í hring á fjóra til fimm prjóna eins og gert hefur verið frá upphafi. Það var ekki fyrr en á 20. öld að *hringprjónar*<sup>15</sup> komust í notkun, dæmi um slíka er úr auglýsingu í Ladies Field Jumpers (Book 1) frá Noregi 1924 þar sem þeir eru kallaðir „*Flexiknit*“ og voru með stál vír milli prjónanna (Rutt 1987: 17).

<sup>14</sup> Lyppa: Að teygja úr kembdri ull þannig að úr verði lopi (Íslensk orðabók, 2002: 939).

<sup>15</sup> Hringprjónar: Tveir prjónar tengdir saman til að prjóna í hring. Þessir prjónar geta verið af mismunandi þykkt og með mismunandi langa tengingu milli prjónanna (Íslensk orðabók, 2002: 644).

Eitt af því sem þurfti að gera í sambandi við þrjónaskap hér áður fyrr og minna er gert af í dag er að gera við það sem slitnar. Það var gert við allt sem slitnaði og það var sérstaklega mikil og mikilvæg vinna að halda við skóm og gera við göt sem voru á sokkum (Guðmundur L. Friðfinnsson, 1991: 109). Það er til skemmtilegt dæmi úr bréfi frá 1838 frá móður til sonar sem staddur var við nám í útlöndum, þar sem hún skrifar: „ ... sendu mér það af sokkum sem þú ert búinn að slíta neðan af, svo ég geti þrjónað neðan við þá“ (Guðrún Þorgrímsdóttir, 1838: 8). Börnum var ungum kennt að bæta föt og stoppa í sokka. Það var ómissandi þáttur í uppeldi þeirra fram eftir öldum, var hér áður fyrr talið ólíkt gagnlegra en að læra þá list að sauma út (Jón Trausti, 1946: 407).

## 4 Umfjöllun

Það að nota orðið tæknibylting yfir það að fólk tók upp á að prjóna flíkur úr bandi segir sína sögu. Augljóst er að þessi þekking hafði mikil áhrif strax frá upphafi og þessara áhrifa gætir enn í dag. Stór hluti af þeim flíkum sem við notum í dag eru prjónaðar. Sá prjónaskapur er annars vegar handverk unnið í heimahúsum og hins vegar eru flíkur unnar í verksmiðjum. Ákveðnar flíkur eru alltaf handprjónaðar, má þar sérstaklega nefna lopapeysuna. Þótt hún sé ekki gömul þá er „*alvöru lopapeysa*“ handprjónuð, úr íslenskri ull sem ekki hefur verið spunnin (Magnús Guðmundsson 1988: 96). Einnig er algengt hér á landi að prjóna föt á ungabörn og ekki svo sjaldan að prjónakunnátta úr barnaskóla er rifjuð upp á meðgöngunni.

Það þarf ekki að efast um að prjónakunnáttan hafi haft áhrif. Þær spurningar sem vakna beinast frekar að því hvort þessi þekking hafi haft önnur áhrif en þau sem eru augljós við fyrstu sýn. Hafði prjón hugsanlega áhrif á það hvaða flíkur voru búnar til, hverjir það voru sem framleiddu þessar flíkur og hvort sömu aðferðir séu notaðar enn í dag og voru notaðar í upphafi ?

### 4.1 Urðu breytingar á hvaða flíkur voru búnar til ?

Í langan tíma var allur klæðnaður sniðinn og saumaður úr ofnu efni. Þetta efni sem upphaflega var ofið á kljásteinavefstað var misgróft og mismjúkt viðkomu, allt eftir því hvernig bandið sem ofið var með hafði verið unnið. Úr þessu vaðmáli voru m.a. búnir til sokkar og vettlingar. Það þarf ekki mikinn samanburð til að sjá að auðveldara var að fá flíkur til að falla vel að líkamanum og passa betur ef þær voru prjónaðar frekar en ofnar. Teygjanleikinn og möguleikarnir á að móta það sem var prjónað eru svo miklu meiri en þegar sniðið er úr efni. Það að prjóna flíkur gaf kost á að búa til heppilegri og fjölbreyttari flíkur og um leið möguleika á að nýta ullina á nýjan hátt. Það er ekki tilviljun að margt af því elsta sem fundist hefur og er prjónað eru einmitt flíkur sem voru miklu þægilegri í notkun prjónaðar frekar en saumaðar, t.d. sokkar og vettlingar. Það hefur verið sagt að sokkar eins og við þekkjum þá hafi ekki þekkt fyrir en með tilkomu prjónakunnáttunnar (Æsa Sigurjónsdóttir, 1985: 24).

Útflutningur breyttist einnig við tilkomu prjónsins. Þegar fólk er farið að prjóna þá víkur útflutningur á vefnaðarvöru fyrir útflutningi á prjónuðum flíkum. Sokkar og vettlingar var það sem eftirspurn var eftir. Til að mæta því voru þetta þær

flíkur sem aðallega voru prjónaðar hér á landi allt fram á 19. öld. Markaðir voru fyrir þessa vöru í Evrópu, svo framleiðsla og útflutningur var í stórum stíl hér á landi.

Það þurfti mikið band til að nota í prjónaskapinn. Þótt eitthvað hafi lagst til vegna þess að það dró úr vefnaði, er öruggt að þessi breyting kallaði á aukna vinnu við tóskap. Einn af mörgum kostum við prjónaskapinn var að ekki þurfti að gera breytingu á því hvernig ullin var unnin. Sömu aðferðir voru notaðar við að kemba, spinna og tvinna. Það þurfti því ekki að læra ný handtök við að vinna úr ullinni. Það var kostur að hægt var að nota mismunandi þykkt band í prjónaskapinn, allt eftir því hvað átti að prjóna. Það var notað gróft band til að prjóna duggaravettlinga og það gat sparað tíma, bæði við spuna og prjónaskapinn sjálfan. Það er hægt að trúa að það hafi örugglega oft verið freistandi að framleiða þannig band, þótt meira hafi fengist fyrir vörur unnar úr fínna bandi, smálesi.

Það er því hægt að segja að tilkoma prjónakunnáttunnar hafi haft áhrif á það sem var framleitt úr ullinni hér á landi. Með tilkomu prjónsins margfaldaðist til dæmis framleiðsla á sokkum og vettlingum vegna útflutnings.

## **4.2 Hafði prjón áhrif á hverjir tóku þátt í að framleiða flíkur ?**

Líkt og áður var vikið að fylgir það vefstólum að þeir taka ákveðið pláss og þurfa að vera uppsettir þangað til verki er lokið. Einungis er unnið við eitt stykki í einu á hverjum vefstól. Það gátu reyndar fleiri enn einn unnið við kljásteinavefstaðinn en þeir unnu að sama efni. Vefarastarfið var oft karlmannsstarf en það var þá takmarkað við það og sinntu vefarar þá líklega ekki öðrum störfum meðfram vefnaðnum.

Það sem breyttist við tilkomu prjónsins var að nú gátu allir unnið á sama tíma. Verkfærin voru einföld og auðvelt að læra að prjóna. Það var hægt að nýta vinnuaflið á þeim tíma sem annars hefði verið óarðbær. Það var hægt að prjóna samhliða öðrum störfum og hægt að taka prjónana með sér hvert sem var. Prjónaskapurinn kom sem viðbót við vefnaðinn og sú breyting varð á að bæði kynin prjónuðu. Ekki bara bæði kynin, heldur prjónaði fólk á öllum aldri. Karlmennt höfðu alltaf tekið þátt í tóvinnunni, aðallega þó að taka ofan af eða kemba. Þegar prjónaskapur festi rætur og sá veruleik kom í ljós að hægt var að selja það sem var prjónað varð sú breyting á að karlmenn fóru að taka þátt í að prjóna ekki síður en kvenmenn. Þeir sinntu sínum fyrri störfum og svo var reiknað með að þeir skiluðu ákveðnum prjónaskap til viðbótar við

alla útvinnu (Tryggvi Emilsson, 1976: 116). Almennt var að þrjónavinna var unnin þegar föstum störfum var lokið eða samhliða öðrum stöfum. Einnig voru börnin látin þrjóna og voru ekki nema rétt 8 ára þegar reiknað var með að þau skiluðu ákveðnum afköstum (Elsa E. Guðjónsson, 1985a: 9).

Það má því segja að þrjónakunnáttan hafi haft þau áhrif hér á Íslandi að karlmenn og börn hafi komið til viðbótar inn í þá vinnu að vinna fatnað úr ullinni. Þá vinnu sem hafði aðallega verið unnin af kvenfólki áður. Þetta átti sérstaklega við þegar um var að ræða smærri flíkur, sokka og vettlinga, sem hentugar voru til útflutnings.


### **4.3 Eru sömu aðferðir notaðar við þrjónaskap í dag og í upphafi ?**

Eins og áður sagði voru fyrst notaðir sokkaprjónar, þ.e. stuttir þrjónar sem notaðir eru nokkrir saman til að þrjóna í hring. Ef flík átti að vera opin þá var hún klippt eftir þörfum. Það virðist eitthvað hafa verið breytilegt hvernig haldið var á þrjónunum meðan þrjónað var. Heimildir eru til frá Englandi um að það hafi verið mismunandi eftir þjóðfélagsstöðu hvernig það var gert (Rutt, 1987: 18). Ekki virðast vera til heimildir um þannig mismun hér á landi eða yfirhöfuð hvernig þrjónað var. Ekki er samt ástæða til að ætla annað en að í dag sé þrjónað á svipaðan hátt og gert var hér á landi áður fyrr.

Ef skoðaðir eru nokkrir af þeim fáu gripum sem hafa fundist hér á landi, t.d. belgvettlingurinn frá Stóruborg og barnasokkurinn frá sama stað (myndir 19 og 20), þá sést að báðir þessir gripir hafa verið þrjónaði með því sem kallað er slétt þrjón. Þeir eru hringlaga, án samskeyta, sem þýðir að nokkrir bandþrjónar hafa verið notaðir og þrjónað í hring. Úrtaka yfir þumli, fingrum og tám er rúnnað eins og sjá má á flestum svona flíkum enn í dag. Það er gert þannig að lykkjum er fækkað smám saman þangað til komið er á toppinn. Úrtökur halla til hægri eða vinstri svo úr verður rúnnaður toppur. Það er líka athyglisvert að skoða hvernig hællinn á barnasokknum er, hann er ekki svo ólíkur því sem stundum er þrjónað í dag. Það má einnig sjá að kanturinn á belgvettlingnum rúllast upp þar sem ekki er þrjónað stroff í upphafi. Það var ekki fyrr en eitthvað seinna sem farið var að þrjóna brugðið svo það þekktist ekki í upphafi að byrja á sléttu og brugnu til skiptis. Það má til gamans geta að svona upprúllaður kantur er notaður í nokkrum nýjum uppskriftum í dag svo hægt er að sjá samsvörun þar.



Á sokkum frá Englandi má sjá að munstur hefur verið unnið með því að skiptast á að prjóna slétt eða brugðið (myndir 16 og 23). Vel getur verið að í upphafi hafi verið notuð munstur sem ætluð voru fyrir útsaum, þar sem þau eru oftast teiknuð sem reitamunstur eins og algengt er þegar prjónamunstur eru teiknuð. Þetta er auðvitað þekkt aðferð enn í dag, bæði þegar prjónað er í höndunum eða í vél.



Mynd 23 Munstur -slétt og brugðið

Það greip athygli mína þegar ég sá fyrst prjónaðar flíkur sem voru nokkuð hundruð ára gamlar að allar aðferðir voru sambærilegar þeim aðferðum sem ég lærði og nota enn í dag. Það sýnir styrkleika þessarar tækni að ekki hefur verið þörf á að breyta henni mikið og þróa gegnum aldirnar. Sú þróun sem hefur orðið á prjónaskap hefur því ekki snúið að aðferðunum, heldur að því hvað það er sem er prjónað, hvaða efniviður er notaður til að prjóna úr og hvaða litir eru notaðir. Hér áður fyrr var það aðallega ull í sauðalitunum, einlit eða blönduð, sem var notuð, jafnvel þótt jurталitun hafi verið þekkt á Íslandi. En þær kvartanir sem eru þekktar vegna slaklegra vinnubragða við gerð þessara útflutningssokka benda ekki til að lögð hafi verið fram sú aukavinna sem þarf þegar band er litað.

Það er ljóst að við notum enn í dag sömu aðferðir og sambærilega prjóna og gert var hér á landi í upphafi. Margt af því sem er prjónað í dag hefur verið prjónað frá upphafi: sokkar, vettlingar, húfur. En það má segja að þótt aðferðir við að prjóna hafi haldist þær sömu hafi helstu breytingar í sambandi við prjón verið að nú er flest af því prjónaða efni sem framleitt er unnið í verksmiðjum. Þótt fjölbreytni hafi aukist eru það bara stakar flíkur sem eru í dag handprjónaðar heima.

## 5 Niðurstöður

Þótt það sé ekki svo ýkja langt síðan þrjónakunnátta barst til Íslands verður að segja að hún hafi haft mikil og varanleg áhrif hér á landi. Þetta var byltingarkennd breyting þegar hún kom til landsins á 16.öld. En í dag er þrjónaskapur orðinn hluti af menningu okkar. Vegna þess hvað það að þrjóna hefur lítið breyst getum við lítið á það sem snertiflöt við fortíðina - hluta af menningararfi okkar sem brúar bilið milli okkar og forvera okkar. Það að þrjóna er eitt af því fáa sem hefur haldist óbreytt frá upphafi. Sömu aðferðir eru notaðar enn í dag og var gert í byrjun. Þótt við notum núna fleiri og fjölbreyttari gerðir af þrjónum þá er enn í dag mjög algengt að þrjóna í hring með fjórum til fimm þrjónum.

Það varð breyting á því hvaða flíkur voru búnar til þegar fólk fór að þrjóna og þær flíkur sem við þrjónum í dag eru ekki allar þær sömu og þrjónaðar voru í upphafi. Þó má nefna sokka, vettlinga, húfur, sjöl og peysur sem dæmi um flíkur sem alltaf hafa verið þrjónaðar á Íslandi. Við gætum setið við hlið formóður okkar og báðar verið að þrjóna samskonar vettling með sömu aðferðum. Ef hún væri ekki að þrjóna fyrir heimilisfólkið sitt þá væri hún líklegast að þrjóna fyrir útflutningsmarkað, til að afla brýnustu nauðsynja – við aftur á móti værum að vinna handverk eða alþýðulist, hugsanlega til að selja einhverjum þeirra ótal ferðamanna sem hingað koma.

Eftir að þrjón varð almenn voru það bæði karlar og konur sem þrjónuðu. Í dag læra bæði strákar og stelpur að þrjóna í handavinnukennslu í skólum svo bæði kynin hafa þann grunn sem þarf, ungir menn geta því fetað í fótspor forfeðra sinna.

Þrátt fyrir að ekki sé lengur nauðsynlegt að vinna allar flíkur heima og að fólk þrjóni í dag af öðrum ástæðum en fólk gerði fyrr á öldum þá er ákveðið öryggi fólgið í því að við getum byggt á því sem var. Við höfum grunn sem við getum notað til að byggja á, grunn sem um leið verður til þess að tengja saman fortíð og framtíð. Því eins Einar Benediktsson orti í kvæðinu Aldarmót, fyrir yfir hundrað árum (1979:114):

*Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,  
án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt,*

## 6 Heimildaskrá

### Gagnasöfn

*Sarpur*, gagnasafn Þjóðminjasafns Íslands.

### Ritaðar heimildir

Amt, E. (1993). *Women's lives in Medieval Europe*. London: Routledge.

Anna Sigurðardóttir. (1985). *Vinna Kvenna á Íslandi í 1100 ár. Veröld kvenna II*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

*Annálar 1400-1800*. Gefnir út 1922-1987. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Arnheiður Sigurðardóttir. (1969). Guðrúnarkviða II og fornar hannyrðir á Norðurlöndum. *Skírnir 1969*, bls. 27-41.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1982). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*. Reykjavík: Sögufélagið.

Áslaug Sverrisdóttir. (2004a). Kalemank og klæði. Um tæknileg einkenni á framleiðslu Vefsmiðju Innrétinganna 1751-1803. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2002-2003*, bls. 5-48.

Áslaug Sverrisdóttir. (2004b). Tóskapur. Ullarvinna í bændasamfélaginu. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans: Menningararfur á Þjóðminjasafni*, bls. 194-203. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Black, S. (1987). *Original knitting*. London: Unwin Hyman.

*Brennu-Njáls saga*. (1971). Íslensk fornrit XII.bindi. Einar Ól. Sveinsson (gaf út). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

*Búalög*. (1966). Verðlag á Íslandi á 12.-19.öld. Arnór Sigurjónsson (ritstj.). Reykjavík: Framleiðsluráð.

Clark, G. og Piggott, S. (1965). *Prehistoric Societies*. London: Hutchinson.

Dawson, P. (1989). *Traditional Island knitting*. London: SearchPress.

Eggert Ólafsson. (1978). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752-1757 II*. Steindór Steindórsson þýddi. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Eggert Ólafsson. (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752-1757 I*. Steindór Steindórsson þýddi. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Einar Benediktsson. (1979). *Ljóðasafn. Kvæði úr Sögur og kvæði, Hafblik*. Kristján Karlsson (gaf út). Hafnafjörður: Skuggsjá.

- Elín Guðmundsdóttir Snæhólm. (1975). Frásögn um fyrstu gerð lopapryjónsins. *Húsfreyjan 1975*, bls. 10-12.
- Elsa E. Guðjónsson. (1974). Jurtalitun á 18. og 19.öld. *Húsfreyjan 1975*, bls.19-23.
- Elsa E. Guðjónsson. (1985a). Um pryjón á Íslandi. Erindi flutt á norrænni ráðstefnu um pryjón og hekl 1984. *Hugur og Hönd 1985*, bls. 8-12.
- Elsa E. Guðjónsson. (1985b). Nyttvæv og tekstil kunstflid på Island. Í Kari Vogt et.al (ritstj.). *Kvennes kultur historie I*, bls. 144-147. Oslo: Universitetsforlaget
- Elsa E. Guðjónsson. (1990a). Íslensk hannyrðakona á 17.öld. *Hugur og hönd 1990*, bls. 29-34.
- Elsa E. Guðjónsson. (1990b). *Knitting in Iceland (1<sup>st</sup> ed.1979)*. Reykjavík: Elsa E. Guðjónsson.
- Elsa E. Guðjónsson. (1994a). Sokkatré úr Gudmanns verslun. Í Árne Björnsson (ritstj.), *Gersemar og þarfapung. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*, bls. 154-155. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Elsa E. Guðjónsson. (1994b). Barnavettlingar frá Heynesi. Í Árne Björnsson (ritstj.), *Gersemar og þarfapung. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*, bls. 206-207. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Elsa E. Guðjónsson. (1995). Hekl á Íslandi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1995*, bls. 75-86.
- Elsa E. Guðjónsson. (2004). Listræn textíliðja fyrr á öldum. Í Árne Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans:Menningararfur á Þjóðminjasafni*, bls. 272-289. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Elsa E. Guðjónsson. (2009). *Handíðir horfinnar aldar : Sjónabók frá Skaftafelli*. Reykjavík: Mál og menning.
- Fastir Þættir*. (1999, 7.janúar). Morgunblaðið. Sótt 23.04.2011 af: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=441390](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=441390).
- Fríður Ólafsdóttir. (1994). Dagtrejur, skakkar og smokkar. *Hugur og hönd 1994*, bls. 10-16.
- Fríður Ólafsdóttir. (1999). *Íslensk karlmannaföt 1740-1850*. Reykjavík: Óðinn.
- Gísla saga Súrsonar*. (1971). Íslensk fornrit VI.bindi. Einar Ól. Sveinsson (gaf út), bls. 3-118. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Gísli Gestsson. (1969). Álnir og kvarðar. *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1968*, bls. 45-78.
- Goslee, S. (1990). *Basic Tablet Weaving*: Sótt 27.02.2001 á: [www.stringpage.com/tw](http://www.stringpage.com/tw).

- Guðmundur Daníelsson. (1944). *Heldrimenn á húsgangi*. Reykjavík: Ísafold.
- Guðmundur L. Friðfinnsson. (1991). *Þjóðlíf og þjóðhættir*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Guðmundur Þorsteinsson frá Lundi. (1990). *Horfnir starfshættir og leiftur frá liðnum öldum*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Guðrún Þorgrímsdóttir. (1838). Sonur gullsmiðsins á Bessastöðum. Í Finnur Sigmundsson (ritstj.), *Bréf til Gríms Thomsens og varðandi hann 1838-1858*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Halldór Halldórsson. (1968). *Íslenzkt orðtakasafn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1940). Klæðnaður bjargar mannslífum. *Hlín: Ársrit íslenskra kvenna*, 22, bls. 40-42.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1966). *Vefnaður á íslenskum heimilum*. Blönduós: Heimilisiðnaðarsafnið.
- Harlow, E. (1977). *The art of knitting*. London: Collins.
- Harpa Hreinsdóttir (2010). Sótt 13.04.2011 á <http://www.fva.is/harpa/sagnavefur/klaednadar/efni/spjaldvefnadar.html>
- Helgi Þorláksson. (1991). Vaðmál og verðlag. *Vaðmál í utanlandsviðskiptum og búskap Íslendinga á 13. og 14. öld*, bls. 209-213. Reykjavík: Sögufélagið.
- Herdís Andrésdóttir. (1982). Kveðið við spuna. *Ljóðmæli eftir Ólínu og Herdísí Andrésdætur*. Reykjavík: Oddi.
- Hoffman, M. (1964). *The warp-weighted loom: studies in the history and technology of an ancient implement*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Hrefna Róbertsdóttir. (1996). Áætlun um allsherjarviðreins Íslands 1751-52. *Landnám Ingólfs 5*, bls. 29-88. Reykjavík: Bjartur.
- Hrefna Róbertsdóttir. (2001). *Landins Forbetran. Innréttingarnar og verkþekking í ullarvefsmiðjum átjándu aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hrefna Róbertsdóttir. (2008). *Wool and society*. Denmark: Makadam publishers.
- Inga Lára Lárusdóttir. (1943). Vefnaður, prjón og saumur. Í Guðmundur Finnbogason (ritstj.), *Iðnsaga Íslands*, bls. 154-192. Reykjavík: Iðnaðarmannafélag Íslands.
- Ingstad, A.S. (2004). *The textiles in the Oseberg ship*. Sótt 23.04.2011 af: <http://forest.gen.nz/Medieval/articles/Oseberg/textiles>.
- Í Eyjafriði fyrir 50-60 árum.(1935). *Hlín: Ársrit íslenskra kvenna*, 19.árg., bls. 80-86.

- Íslensk orðabók*. (2002). Ritstjóri 3.útgáfu: Mörður Árnason (1.útg. 1963). Reykjavík: Oddi hf.
- Jóhanna Kristjánsdóttir. (1978). Ullin okkar – ljúfar minningar, *Hugur og hönd, Rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands 1978*, bls. 11-12.
- Jón J. Aðils. (1971). *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787*. Reykjavík: Heimskringla.
- Jón Árnason: *Íslenzkar Gátur*. Sótt 02.03.2011 á: <http://digicoll.library.wisc.edu/cgi-bin/IcelOnline/IcelOnline-idx?type=HTML&rgn=DIV1&byte=194519>.
- Jón Thoroddsen. (1942). Piltur og Stúlka. *Skáldsögur Jóns Thoroddsen*, bls. 1-208. Reykjavík: Helgafellsútgáfan.
- Jón Trausti. (1939). Heiðarbylíð. *Ritsafn II*, bls. 5-318. Reykjavík: Oddi.
- Jón Trausti. (1946). Handavinnusýning. *Ritsafn VII*, 406-407. Reykjavík: Oddi.
- Jónas Jónasson. (1961). *Íslenzkir Þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun, 3. útg. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Kiewe H.E. (1971). *The Sacred history of Knitting*. Oxford : Art Needlework Industries.
- Kjalnesinga saga* (2007). Jóhannes Halldórsson (gaf út). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- KnitHeaven*. Sótt 24.04.2011 af: <http://www.knitheaven.com/vintagepatterns/nettingindex.htm>.
- Kristján Eldjárn. (1994). *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*. 5. útg. (1. útg. 1962). Reykjavík: Mál og menning.
- Kristján Eldjárn. (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, 2. Útgáfa. Adolf Friðriksson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.
- Kristján Mímisson, Bjarni F. Einarsson. (2009). Ora et labora. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Endurfundur*, bls 44-57. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Kristleifur Þorsteinsson. (1971). *Úr byggðum Borgarfjarðar*. Reykjavík: Leiftur.
- Kristmann Guðmundsson. (1978). *Skáldverk I*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Lind, V. ( 1984). *Knitting in the Nordic Tradition*. N.Carolina: Lark Books.
- Lýður Björnsson. (1974). Ágrip af sögu Innréttinganna. *Reykjavík í 1100 ár*, bls. 117-145. Helgi Þorláksson sá um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélagið.

- Maarjatta Ísberg. (2005). Um prjónabelti og prjónles á Hjaltlandseyjum. *Hugur og hönd, 2005*, bls. 24-25.
- Magnús Guðmundsson. (1988). *Ull verður gull: ullariðnaður Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og 20. öld. Safn til Iðnsögu Íslendinga 2*. Reykjavík: Bókmenntafélagið.
- Mary Rose. Sótt 23.04.2011 af: <http://www.maryrose.org/>
- McGregor, S. (1981). *The complete Book of Traditional Fair Isle Knitting*. London: B.T.Batsford.
- McGregor, S. (1983). *Traditional Knitting*. London: B.T.Batsford.
- Mjöll Snæsdóttir. (1994). Stóraborg. Í Árne Björnsson (ritstj), *Gersemar og þarfaping .Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*, bls. 246-247. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Oddur Einarsson. (1971). *Íslandslýsing*. Sveinn Pálsson þýddi. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Orðasambandaskrá. Jón Hilmar Jónsson (umsjm.) Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 23.04.2011 á: <http://www.lexis.hi.is/osamb/>.
- Osebergskipet. Sótt 23.04.2011 af: <http://www.khm.uio.no/vikingskipshuset/oseberg/>
- Robinson, D. (1987). *The Encyclopedia of knitting techniques*. London: Rodale Press.
- Rutt, R. (1987). *A History of Hand Knitting*. London: Bt Bastford Ltd.
- Sara B. Þorsteinsdóttir og Valgerður K. Sigurðardóttir. (1984). Prjón. *Hugur og hönd 1984*, bls. 10-13.
- Shakespeare, W. (1590). *Two Gentlemen of Verona*. Sótt 04.04.2011 á: <http://shakespeare.mit.edu>.
- Sigrún Davíðsdóttir. (21.12.2009). *Iceland knits its way out of crisis*. Sótt 04.04.2011 á: <http://news.bbc.co.uk/2/hi/business/8418662.stm>.
- Sigrún Erna Geirsdóttir. (2009, 18. ágúst). Brjáluð sala á ull – í stað fimm tonna seldum við tuttugu tonn: Íslenska prjónakonan er vöknuð til lífsins á ný. Prjónaskapur sækir á hjá yngra fólki. *Morgunblaðið*, bls. 11.
- Snorri Sigfússon. (1968). *Ferðin frá Brekku*. Reykjavík: Iðunn.
- Sprang: Sótt 12.03.2011 af: [www.regia.org/sprang.htm](http://www.regia.org/sprang.htm).
- Stefán Aðalsteinsson. (1981). *Sauðkindin, landið og þjóðin*. Reykjavík: Bjallan.

- Steingrímur Matthíasson. (1941). Móðir mín. *Hlín: Ársrit íslenskra kvenna* 23, bls. 49-67.
- Stóraborg*. (1978-90). Fornleifarannsókn 1978-90. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Sölvi Sveinsson. (1995). *Íslenskir málshættir með skýringum og dæmum*. Reykjavík: Iðunn.
- Tryggvi Emilsson. (1976). *Fátækt fólk, æviminngar- fyrsta bindi*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Viktoría Bjarnadóttir. (1945). Hagnýting ullar og framleiðslumöguleikar. *Hlín: Ársrit íslenskra kvenna* 28, bls. 95-100.
- Völundarkviða*. (1996). Netútgáfa. Sótt 23.04.2011 af: <http://www.snerpa.is/net/kvaedi/volund.htm>.
- Porkell Jóhannesson. (1943). Ullariðnaður. Í Guðmundur Finnbogason (ritstj.), *Iðnsaga Íslands II*, bls. 136-149. Reykjavík: Iðnaðarmannafélag Íslands.
- Porkell Jóhannesson. (1955). *Tryggvi Gunnarsson*. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Porkell Jóhannesson. (1965). *Lýðir og Landshagir*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Þórður Tómasson. (1967). Teygjast lét ég lopann minn. *Hugur og hönd 1967, Rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands*, bls. 12-14 og 23.
- Æsa Sigurjónsdóttir. (1985). *Klæðaburður íslenskra karla á 16. 17. og 18. öld*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sögufélag.
- Æsa Sigurjónsdóttir. (2004). Listræn textíliðja fyrir á öldum. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans: Menningararfur á Þjóðminjasafni*, bls. 238-245. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Æsa Sigurjónsdóttir. (2005). Klæðnaður á 18.öld og hugmyndir um hann. *Hugur og hönd 2005*, bls. 17-21.



## 7 Myndayfirlit

Mynd 1 Vettlingar úr ofnu efni.....	12
Mynd 2 Dæmi um netting og verkfæri .....	13
Mynd 3 Lykkjur í warp aðferðinni .....	13
Mynd 4 Vattarsaumur .....	14
Mynd 5 Vötturinn frá Arnheiðarstöðum.....	14
Mynd 6 Sprang.....	15
Mynd 7 Brugðið sprang .....	15
Mynd 8 Hekl og heklunál .....	16
Mynd 9 Spjöld fyrir spjaldvefnað .....	16
Mynd10.Our Lady Knitting, Tommaso da Modena .....	19
Mynd11 Hluti af altaristöflu, Bertram von Minden.....	19
Mynd12 The Holy family, Ambrogio Lorenzetti.....	19
Mynd 13 Hluti af altaristöflu, Nicolás og Martín Zahortiga.....	19
Mynd 14 The life of the infant, Hieronymus Wierix .....	19
Mynd15 Sokkar frá 1562.....	21
Mynd 16 Sokkar frá 17.öld .....	21
Mynd 17 Prjónað í Wensleydale, Englandi .....	22
Mynd 18 Sjö bandprjónar .....	24
Mynd19 Sléttprónaður belgvettlingur.....	25
Mynd 20 Barnasokkur.....	25
Mynd 21 Sokkatré.....	27
Mynd 22 Tóvinna.....	30
Mynd 23 Munstur -sétt og brugðið .....	41

## 7.1 Uppruni mynda

- Mynd 1,5,19,21: *Hlutavelta tímans: Menningararfur á Þjóðminjasafni. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, bls. 194-199.*
- Mynd 2: <http://www.knitheaven.com/vintagepatterns/nettinginstructions>
- Mynd 3: <http://www.threadsmagazine.com>
- Mynd 4: <http://www.tarbatuwoman.blogspot.com>
- Mynd 6: <http://www.digitalegypt.ucl.ac.uk/textil/hairnets.html>
- Mynd 7: <http://www.fva.is/harpa/sagnavefur/klaednadur/efni/spjaldvefnadur.html>
- Mynd 8: <http://www.hendesverden.dk>
- Mynd 9: <http://www.heimilisidnadur.is>
- Myndir 10-15: <http://www.larsdatter.com/knit.htm>
- Myndir 16, 23: <http://realmofvenus.renaissanceitaly.net/workbox/extwomacc1.htm>
- Mynd 17: Rutt, R. (1987). *A History of Hand Knitting*. London: Bt Bastford Ltd., bls. 55.
- Mynd 18: <http://www.thjodminjasafn.is/media/flash/nalar2.swf>
- Mynd 20: *Sarpur*, gagnasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 22: Teikning eftir Sigurð Guðmundsson. Tekin úr: Þórður Tómasson. (1967). Teygjast lét ég lopann minn. *Hugur og hönd 1967, Rit Heimilisiðnaðarfélag Íslands*, bls. 14.

Upplýsingar af neti sóttar 16.03.2011.